

SÖFN OG FERÐAÞJÓNUSTA

Rannsóknasetur í safnafræðum við Háskóla Íslands
Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Október 2015

© Rannsóknasetur í safnafræðum við Háskóla Íslands og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands

ÚTGEFANDI Rannsóknasetur í safnafræðum.

HÖFUNDAR Anna Guðrún Ragnarsdóttir, Arndís Bergsdóttir, Elísabet Pétursdóttir,
Gunnar Haraldsson, Marta Guðrún Jóhannesdóttir, Sigurjón Baldur Hafsteinsson.

ISBN: 978-9979-72-906-8

SÖFN OG FERÐAÞJÓNUSTA

Rannsóknasetur í safnafræðum við Háskóla Íslands
Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Október 2015

EFNISYFIRLIT

Inngangur	5
Hugtök	
Samspil safna og ferðapjónustu í opinberri stefnumótun	9
Hagræn greining á þætti safna í hagkerfinu	17
Inngangur	
Menning og menningartengd ferðapjónusta	
Aðrar rannsóknir	
Umfang á Íslandi	
<i>Ferðapjónusta</i>	
<i>Menningartengd ferðapjónusta</i>	
Fjöldi og dreifing safna og safnagesta	
Tekjur og ríkisframlög safna	
Niðurstöður og samantekt	
Viðhorfskannanir	32
Inngangur	
<i>Menningarfulltrúar landshluta</i>	
<i>Samstarf</i>	
<i>Viðhorf menningarfulltrúa landshluta til samskipta safna við aðila í ferðapjónustu</i>	
Markaðsstofur í ferðapjónustu	42
<i>Lýðfræðilegar upplýsingar - staðsetning stofnana og menntun starfsfólks</i>	
<i>Viðhorf starfsfólks markaðsstofa til hlutverks safna í ferðapjónustu</i>	
<i>Viðhorf starfsfólks markaðsstofa til samskipta safna við aðila í ferðapjónustu</i>	
Ferðapjónustuaðilar	51
<i>Staðsetning starfsstöðva, starfssvæði og menntun starfsfólks</i>	
<i>Staða og hlutverk safna í þjónustu við ferðafólk</i>	
<i>Landfræðilegt aðgengi</i>	
<i>Vetrarferðir</i>	
<i>Samskipti og tengsl</i>	
Söfn og safntengd starfsemi	64
<i>Staðsetning starfsstöðva, starfssvæði og menntun starfsfólks</i>	
<i>Staða og hlutverk safna í ferðapjónustu</i>	
<i>Hlutverk safna, sýninga og setra í ferðapjónustu</i>	
<i>Samstarf</i>	
<i>Klasasamstarf</i>	
<i>Samskipti safna og ferðapjónustuaðila</i>	
<i>Sjálfsmat safna, setra og sýninga</i>	
<i>Söfn og vaxtarmöguleikar í ferðapjónustu</i>	
<i>Vetrarferðapjónusta</i>	
Samantekt	81
Tillögur um atriði til íhugunar í stefnu- mótun á sviði safna og ferðapjónustu	82
Heimildir	86
Listi yfir myndir og töflur	88

INNGANGUR

Að beiðni safnaráðs framkvæmdi Rannsóknasetur í safnafræðum við Háskóla Íslands rannsókn á samspili safna og ferðapjónustu. Samkvæmt samningi voru þrjú megin markmið rannsóknarinnar skilgreind:

- » *Að greina stöðu menningartengdrar ferðapjónustu, með sérstaka áherslu á söfn og safntengda starfsemi.*
- » *Að greina hagræn áhrif menningartengdrar ferðapjónustu, með sérstakri áherslu á söfn og safntengda starfsemi.*
- » *Að framkvæma viðhorfskannanir meðal hagsmunaaðila á sviði safna og ferðapjónustu.*

Með rannsókninni á að varpa ljósi á stöðu og tækifæri til frekari þróunar á sviði safnamála og ferðapjónustu á Íslandi. Rannsóknin á jafnframt að draga fram megin þætti sem telja má mikilvæga við árangursríka framkvæmd á safntengdri starfsemi í tengslum við ferðapjónustu, benda á vöntun á þekkingu og skilningi meðal hagsmunaaðila á sviði safna og ferðapjónustu, og að leggja fram tillögur um leiðir til þróunar á samspili safna og ferðapjónustu á komandi árum.

Rannsóknir á sviði ferðapjónustu hafa aukist á undanförunum árum, þar sem menningartengd ferðapjónusta hefur meðal annars verið skoðuð sérstaklega. Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála hefur verið í fararbroddi á sviði rannsókna í málaflokknum á undanförunum árum, en segja má að á sama tíma og þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á vegum miðstöðvarinnar undirstriki mikilvægi menningar og stofnana sem sinna þeim þáttum í ferðapjónustu, þá vantar talsvert upp á að þeim sé gerð góð og ítarleg skil. Fleiri aðilar hafa komið að rannsóknum hér á landi með áherslu á menningarstofnanir og tengsl við ferðapjónustu. Í skýrslu Sjávarklasans, Íslenski sjávarklasinn (2011) er til að mynda fjallað um söfn og þátt þeirra í ferðapjónustu sem tengist haftengdri starfsemi. Einnig hafa opinberir aðilar (t.d. Íslensk Muna- og minjasöfn, 2009) og fræðimenn (t.d. Katrín Anna Lund 2015, Áki Guðni Karlsson 2011 og Lára Magnúsdóttir og Sólveig Ólafsdóttir, 2013), fjallað um samspil safna og ferðapjónustu. Sú rannsókn sem hér um ræðir sker sig að sumu leiti frá fyrri rannsóknum sem gerðar hafa verið, en hér er gerð tilraun til að horfa sérstaklega til safna og safntengdrar starfsemi með samspil þeirra í huga við þrjú mikilvæga þætti er varða ferðapjónustu sérstaklega; opinbera stefnumótun, hagræn sjónarmið og viðhorf hagsmunaaðila. Niðurstöðunum úr rannsókninni er svo teft saman í síðasta kafla skýrslunnar sem tillögur að þáttum sem er mikilvægt að hugað að á komandi árum. Með öðrum orðum má segja að rannsóknin sé liður í því að kortleggja þátt safna og safntengdrar starfsemi innan kerfis ferðapjónustu og benda á með hvaða hætti afskipti opinberra aðila, hagræn sjónarmið og starfsemi hagsmunaaðila koma saman og jafnframt, að horfa verði til þessara þátta í heild.

Rannsóknin sem hér um ræðir hefur gildi fyrir breiðan hóp aðila á sviði safna, menningarmála, ferðaþjónustu og hins opinbera, sem og þá sem áhuga hafa á að tileinka sér þekkingu og skilning á forsendum er varða söfn og ferðaþjónustu. Rannsóknin er sérstaklega miðuð að því að gagnast eftirfarandi aðilum:

- » *Safnaráð*
- » *Opinberir aðilar eins og ráðuneyti og sveitarstjórnir*
- » *Stofnanir í ferðaþjónustu eins og Ferðamálastofa og Stjórnstöð ferðamála*
- » *Samtök hagsmunaaðila í ferðaþjónustu s.s. Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) og Ferðamálasamtök Íslands.*
- » *Íslandsstofa og markaðsstofur landshlutanna*
- » *Söfn og safntengd starfsemi (safnvísar, sýningar, setur, menningarhús og gestastofur)*
- » *Samtök á sviði menningar- og safnamála*
- » *Aðilar í ferðaþjónustu á borð við fyrirtæki í ferðaþjónustu og leiðsögumenn*
- » *Fræða- og menntastofnanir og nemendur*

Rannsókninni var skipt niður í þrjá megin verkþætti: Kortlagning á samspili safna og ferðaþjónustu í opinberum gögnum. Hagræn greining á þætti safna í hagkerfinu, með sérstakri áherslu á ferðaþjónustu. Og gerð viðhorfskannana meðal hagsmunaaðila, en þeir aðilar eru: menningarfulltrúar, markaðsstofur landshluta, aðilar í ferðaþjónustu og söfn og safntengd starfsemi. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hafði umsjón með hagrænni greiningu rannsóknarinnar og er markmiðum og forsendum þess hluta hennar lýst þar frekar. Viðhorfskannanir voru á hendi Rannsóknaseturs í safnafræðum og voru útbúnir fjórir spurningalistar fyrir fjóra markhópa; menningafulltrúa, markaðsstofur, aðila í ferðaþjónustu og söfn.

Menningafulltrúar hafa á undanförunum áratug og rúmlega það verið ráðnir til starfa á vegum sveitarfélaga til að sinna menningarmálum almennt og stefnumörkun á sviði menningarmála. Staða og starfsskyldur menningafulltrúa eru mismunandi eftir sveitarfélögum en hluti af starfsskyldum þeirra er að vinna með söfnum og safntengdri starfsemi. Menningafulltrúar eru þar með mikilvæg tenging safna við ferðaþjónustu. Alls var sjö menningafulltrúum sendur spurningalisti. Tveir menningafulltrúar svörðu fyrir sama landsvæði. Einn menningafulltrúi svaraði ekki fyrir sitt svæði.

Viðhorfskönnun til aðila í ferðaþjónustu var send til 953 aðila sem fengið hafa leyfi til reksturs. Ferðamálaráð veitir leyfi til reksturs ferðaþjónustu og skiptir leyfum í þrjá megin flokka; ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og bókunar- og/eða upplýsingamiðstöðvar. Spurningalisti var sendur til allra

leyfishafa á sviði ferðþjónustu, nema til bókunar-og/þjónustuaðila. Allar markaðstofur landshluta fengu sendan spurningalista eða sjö talsins og svöruðu allar nema ein. Spurningalisti var sendur til safna og annarra stofnana sem flokkast undir safntengda starfsemi (viðurkennd söfn, söfn, setur, sýningar, safnvísar, menningarhús og gestastofur). Af 180 viðurkenndum söfnum, söfnum, setrum, sýningum, safnvísnum, menningarhúsum og gestastofum sem fengu sendan spurningalista, svöruðu 57 aðilar.

Viðhorfskannanirnar voru sendar út rafrænt með Question Pro á tímabilinu 7. maí til 27. ágúst. Þess ber að geta að þetta tímabil er háannatími bæði safna og ferðþjónustuaðila og skýrir mögulega að einhverju leyti lágt svarhlutfall meðal aðila í ferðþjónustu og safna. Á tímabilinu var hringt í menningarfulltrúa og fulltrúa markaðsstofa og þeir hvattir til þátttöku í könnuninni. Aðilar í ferðþjónustu fengu tvo áminningapósta á tímabilinu, þar sem þeir voru hvattir til þátttöku. Hið sama var gert með söfn og safntengda starfsemi, en að auki var óskað eftir liðsinni framkvæmdastjóra safnaráðs með hvatningu um að taka þátt í könnuninni. Einnig voru sendir út tveir tölvupóstar á póstlista safnmanna með hvatningu um þátttöku, en á þeim lista eru flestir þeir sem fengu beiðni um að taka þátt í könnuninni. Athygli er vakin á því að smæð þessa hópa sem menningarfulltrúar og fjöldi markaðsstofa eru, varpar ljósi á ákveðinn vanda. Vandinn er hvernig hægt að gera grein fyrir viðhorfum þeirra og aðstæðum án þess að svör þeirra séu rekjanleg. Með þetta í huga var gerð spurningakannana og úrvinnsla þeirra með þeim hætti að óskað var eftir almennum upplýsingum sem að öllu jöfnu væri hægt að óska eftir með öðrum leiðum á grundvelli upplýsingaréttar samkvæmt upplýsingalögum nr. 140/2012 (ll. kafli).

Úrvinnsla og niðurstöður rannsóknarinnar endurspeglar ekki endilega viðhorf eða afstöðu safnaráðs.

HUGTÖK

Áður en lengra er haldið er mikilvægt að hnykkja á nokkrum hugtökum sem notuð eru í þessari skýrslu. Stuðst er við skilgreiningar safnalaga nr. 141/2011 á safni, safnvísi, setri og sýningu og er vísað beint í orðalag lagana.

- Safn.** Varanlegar stofnanir sem starfa í þágu almennings og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Þau skulu vera opin almenningi.
- Safnvísar.** Sinna safntengdri starfsemi en uppfylla ekki öll skilyrði sem söfn til að hljóta viðurkenningu skv. 10. gr..
- Setur.** Sinna að jafnaði rannsóknum og miðlun fremur en söfnun og varðveislu.
- Sýningar.** Sjálfstæðar rekstrareiningar sem sinna miðlun fremur en söfnun, varðveislu og rannsóknum.
- Höfuðsafn.** Höfuðsöfnin eru þrjú; Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands og hafa það hlutverk að stuðla að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu samkvæmt safnalögum nr. 141/2011.
- Viðurkennt safn.** Safn sem hefur hlotið viðurkenningu safnaráðs, samkvæmt sérstöku umsóknarferli. Viðurkenning er vottun um eignarhald, rekstur og faglegt starf.
- Safnasvið.** Með því er átt við starfsemi safna, sýninga, setra og safnvísa og annarrar menningarstarfsemi s.s. eins og gestastofa og menningarhúsa, sem með einum eða öðrum hætti tengjast starfssviðum safna s.s. á sviði miðlunar á menningu. Hugtakið tekur einnig til opinberra afskipt ríkis og sveitarfélaga af söfnum, sýningum, setrum og safnvís-um s.s. með tilliti til lagasetningar, stefnumörkunar og samþættingu og samvinnu stofnana.
- Ferðapjónusta.** Með hugtakinu er þá átt við þjónustu við fólk á ferðalögum og er því atvinnugrein sem er samsett er úr „mörgum atvinnugreinum sem eiga viðskipti við ferðafólk en sinna jafnframt öðrum hópi viðskiptavina“ Sumir vilja frekar tala um ferðapjónustukerfið, vegna samsetningar atvinnugreinarinnar og þeim hópum sem hún þjónustar, en oft er erfitt að greina á milli neyslu og framleiðslu í ferðapjónustu og annarra atvinnugreina og mannlífs (Edward Hákon Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson, 2013 bls. 9).
- Ferðamál.** Yfirheiti sem tekur til ferðalaga og ferðapjónustu (Edward Hákon Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson, 2013 bls. 9).

SAMSPIL SAFNA OG FERÐAÞJÓNUSTU Í OPINBERRI STEFNUMÓTUN

Í þessari samantekt er ætlunin að draga fram hlutverk safna og safntengdrar starfsemi í opinberum gögnum eins og lögum og opinberri stefnumótun á sviðum ferðaþjónustu. Lögð verður megin áhersla á að meta stöðu safna og safntengdrar starfsemi gagnvart áherslum í stefnum um ferðaþjónustu.

Söfn og safntengd starfsemi hefur með margvíslegum hætti skipulagt starfsemi sína sem lið í ferðaþjónustu og sett sér markmið í þeim efnum. Í Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu 2010-2014 er sem dæmi fjallað um ferðaþjónustu en þar segir að „Menningartengd ferðaþjónusta gegnir veigamiklu hlutverki í miðlun þekkingar um menningararf, bæði til innlendra og erlendra gesta. Treysta þarf tengsl safnastarfsemi við ferðaþjónustu í landinu, en um leið gæta þess að samvinna í þessum málum sé ætíð byggð á grundvelli faglegs safnastarfs.“ (2010, bls. 11) Af gögnum safnaráðs að dæma frá söfnum sem sóttu um viðurkenningu á árinu 2014, kemur tvennt fram sem lítur beint að þætti þeirra í ferðaþjónustu. Annars vegar góð aðstaða til þjónustu við gesti og hins vegar þáttur miðlunar í starfsemi þeirra s.s. með sýningum, sem á jafnt við um ferðamenn sem og aðra sem nýta sér þjónustu þeirra. Hins vegar má einnig greina í þeim gögnum orðalag þar sem hlutverk safna með tilliti til ferðaþjónustu er undirstrikað. Sem dæmi má nefna að Gljúfrasteinn – Hús skáldsins hefur í markmiðssetningu sinni lagt áherslu á að staðurinn „verði þekktur áfangastaður.“ Samstarf safna við aðila í ferðaþjónustu er einnig merkjanlegt í þessum gögnum eins s.s. með skipulagningu sýninga og með þátttöku í formlegum og óformlegum fundum um ferðamál. Í þessu sambandi er augljóst að söfnin leggja misjafnlega mikla rækt við það að lýsa því með hvaða hætti þau koma að ferðamálum og ferðaþjónustu hvert á sínu svæði. Sérstaka eftirtekt vekur í gögnum safnaráðs Verkefnaáætlun og Starfsstefna Sæheima í Vestmannaeyjum, en í þeim er starfsemin sett í samhengi við breytingar á samgöngum (með tilkomu Landeyjarhafnar) og það er orðað sérstaklega að stefnt sé að því að efla samstarf og tengsl við ferðaþjónustuaðila. Til að fá gleggri mynd af því sem söfn, setur, sýningar og safnvísar hafa verið að vinna að á vettvangi ferðaþjónustu, þarf ítarlegri rannsókn.

Stjórnvöld og opinberar stofnanir koma með beinum og margvíslegum hætti að starfsemi safna, sýninga, setra og safnvísa með tilliti til ferðamála og ferðaþjónustu. Í þessari samantekt eru engin tók á því að gera tæmandi úttekt á því með hvaða hætti það samspil er, en benda má á umfjöllun Edward H. Huijbens og Gunnars Þórs Jóhannessonar um stofnanalegt samhengi ferðaþjónustu í bók þeirra Ferðamál á Íslandi (2013, bls. 45-73) og hugarkort í nýsamþykkttri ferðamálastefnu (Vegvísir í ferðaþjónustu, 2015, bls. 4 og 5).

Í þessari samantekt er litið svo á að lög er varða starfsemi safna og málum tengdum þeim hafi

hlutverk sem stefnur og séu þar með stefnumarkandi (Haukur F. Hannesson, 2009, bls. 4). Í lögum um menningarminjar nr. 20/2012 segir að þau eigi að „stuðla að verndun menningarminja“ og „ tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni“ af þeim. Minjastofnun Íslands annast framkvæmd lagana og hefur með höndum þrjú megin viðfangsefni; þjóðminjar og þjóðarverðmæti, fornminjar, og byggingararf. Í 23. grein laganna er sérstakt ákvæði sem kveður á um tilkynningaskildu til stofnunarinnar ef fornleifar, minjastaðir eða menningarminjar sem teljast til náttúruminja liggja undir skemmdum. Það ákvæði setur skyldur á aðila í ferðapjónustu og aðra um að framfylgja tilgangi laganna, sem er að varna spillingu eða eyðileggingu verðmætanna (sbr. 1. gr.). Þess má einnig geta að í lögnum eru ákvæði um flutning á menningarminjum úr landi sem ekki teljast til þjóðarverðmæta.

Núgildandi lög sem fjalla um starfsemi menningarminjasafna, listasafna og náttúruminjasafna eru eftirfarandi: Lög um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011, Myndlistarlög nr. 64/2012 og Lög um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007. Engin sérstök ákvæði eru í þessum lögum um tengsl við ferðapjónustu en þau gefa hins vegar tilefni til túlkunar á hlutverki þeirra í ferðapjónustu.

Í lög um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011 er safninu fengið það hlutverk að vera höfuðsafn á sviði menningarminja. Því fylgir samkvæmt 3. grein laganna sú skylda að safna, skrá, rannsaka og varðveita íslenskar menningarminjar og jafnframt að miðla og kynna þekkingu þar að lútandi. Í myndlistarlögum nr. 64/2012 er Listasafni Íslands fengið það hlutverk að vera höfuðsafn á sviði myndlistar. Samkvæmt 3. grein laganna á safnið að leitast við að „koma upp metnaðarfullu safni íslenskrar myndlistar, skrá það, rannsaka, varðveita og miðla, innan lands og utan.“ Líkt og í lögum um Þjóðminjasafn Íslands er rík áhersla lögð á þátt miðlunar í starfi safnsins en í 3. grein segir t.a.m. að safnið skuli „annast fræðslustarfsemi um innlenda og erlenda myndlist fyrir skóla, fjölmiðla og almenning.“ Í lögum um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007 er safninu fengið það hlutverk að vera höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Hlutverkum safnsins er lýst í 2. og 3. grein laganna, þar sem safnið á að „varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi.“ Safnið á að safna, skrá og varðveita muni sem tengjast starfsemi þess og að „annast kynningu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi“ fyrir skóla, fjölmiðla og almenning. Af lögnum að dæma má helst greina að tengsl þessara þriggja safna við ferðapjónustu er aðallega á sviðum miðlunar.

Bent hefur verið á að ferðapjónusta sé þverfagleg atvinnugrein og sem slík komi inn á borð allra ráðuneyta ríkisins (Edward H. Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson 2013, bls.46). Það er því ekkert eitt ráðuneyti sem fer með málaflökkinn í heild sinni og má af því draga þá ályktun að hið sama gildi um starfsemi safna, sýninga, setra og safnvísa sem eru aðilar að ferðapjónustu. Stjórnvöld og opinberar

stofnanir hafa gefið út stefnur og greinargerðir á undanförunum árum og áratugum, þar sem komið er inn á samspil safna og ferðaþjónustu með ýmsum hætti. Í þessari samantekt verður sjónum beint að nokkrum þeirra og greiningu Gunnars Þórs Jóhannessonar fylgt á helstu yfirlitum stjórnvalda um stefnumótun í ferðaþjónustu (Gunnar Þór Jóhannesson 2012, bls.180). Hér er ekki um tæmandi úttekt að ræða, en þær gefa vísbendingar um með hvaða hætti þessi mál hafa þróast. Frekari gögn um stefnumótun á sviði ferðaþjónustu má nálgast á vefsíðu Ferðamálastofu. Fjallað er um stefnur stjórnvalda hér á eftir í tímaröð til að sýna fram á áherslubreytingar og þar með stöðu safna og safntengdrar starfsemi innan málaflokksins.

Á árabílinu 1972-1975 var unnið að skýrslunni *Tourism in Iceland* sem var gerð að tilstuðlan þróunarsjóðs Sameinuðu þjóðanna og á vegum Samgönguráðuneytisins. Í henni er þáttur safna í uppbyggingu ferðaþjónustu fyrirferðamikill. Í skýrslunni er lagt til að yfirvöld hugi að því sem skýrsluhöfundar kalla „Iceland Cultural Complex“ og samanstendur af tillögugerð um uppbyggingu náttúruvísindasafna, menningarminjasafna og góðu þjónustustigi við rannsóknir og gesti í tengslum við þessar stöðvar. Höfundar skýrslunnar leggja mikla áherslu á landfræðilega dreifingu safna og að þau séu reist í nálægð við áfangastaði sem hafi áhugaverðar tengingar við náttúru Íslands (Pham, et.al., 1975). Skýrslan varð aldrei stefnumótandi í málaflöknum eins og væntingar stóðu til og dagaði því uppi (Sigurjón Baldur Hafsteinsson, 2015).

Samgönguráðherra skipaði 2. desember 1981 nefnd til að gera úttekt á „þjóðhagslegri þýðingu íslenskrar ferðamannaþjónustu og spá um þróun hennar á næstu árum“ (1983, bls.1) og er skýrslan *Ferðamál á Íslandi* árangurinn af vinnu nefndarinnar og kom út 1983. Í skýrslunni er ekki minnst einu orði á söfn eða menningartengda starfsemi sem liður í áætlunum um uppbyggingu ferðamála.

Samgönguráðherra skipaði 17. október 1995 stýrihóp til að „marka stefnu stjórnvalda í ferðamálum“ (1996, bls.8) og er skýrslan *Stefnumótun í ferðaþjónustu* árangurinn af vinnu hópsins. Í upphafi skýrslunnar eru megin stefnumál dregin fram. Tvö þeirra snerta beint starfsemi safna og safntengdrar starfsemi en það er að „saga, menning og mannlíf Íslendinga í fortíð og nútíð verði mikilvægur þáttur í ferðaþjónustu“ og að „sérkenni náttúru Íslands og sérþekking verði nýtt í samvinnu ferðaþjónustu og vísindamanna“ (1996, bls. 13). Túlka má síðari tilvitnunina þannig að eigi við um safnastarf á sviðum náttúruvísindamanna sem vinna með sérkenni náttúrunnar. Í tillögum hópsins um markmið og leiðir í gæðastjórnun í ferðaþjónustu er m.a. lögð áhersla á „að sú afþreyingarþjónusta sem í boði er á Íslandi, standist ströngu kröfur um gæði og öryggi“ (1996, bls. 25). Sé litið á söfn og safntengda starfsemi sem afþreyingu í samhengi við ferðaþjónustu falla þau undir þá markmiðssetningu. Hópurinn leggur til í umfjöllun sinni um mikilvægi rannsókna í ferðaþjónustu að leitað verði leiða „til að virkja sem best þau fræðisvið á háskólastigi sem veitt geta innsýn í menningararf þjóðarinnar með það fyrir augum að gera menningar-

verðmæti þjóðarinnar aðgengileg fyrir ferðaþjónustuna“ (1996, bls. 27). Sérstakur kafli er í skýrslunni um brottflutta Íslendinga og afkomendur þeirra og er lagt til það markmið að boðið verði upp á afþreyingu og aðra þjónustu sem getur höfðað til þeirra. Sérstaklega er hvatt til þess að „sett verði á stofn afþreying og þjónusta (s.s. sérútbúin söfn og ættfræðipjónusta)“ (1996, bls.29) sem sé við hæfi og á sér erlendar fyrirmyndir í Evrópu. Í greinargerð sem fylgir stefnunni um afþreyingu er sagt að „úrbætur á þessu sviði séu eitt mikilvægasta mál íslenskrar ferðaþjónustu“ (1996, bls. 60) og að brýnt sé að hraða þeim úrbótum.

Í lista yfir helstu niðurstöður stýrihópsins kemur fram að: „Saga, menning og mannlíf Íslendinga í fortíð og nútíð verði veigamikill þáttur í ferðaþjónustu. Leggja skal áherslu á hið sérstaka og frábrugðna í menningarsögu Íslendinga, sem er samofin landi og náttúru. Ávallt verði gerðar miklar kröfur um faglega þekkingu þeirra sem þessa þjónustu veita“ (1996, bls. 18). Sé litið svo á að söfn, sýningar, setur og safntengd starfsemi falli undir það að teljast til menntastofnana, beinir skýrslan, Stefnumótun í ferðaþjónustu, orðum að hlutverkum þeirra sem slíkar. Þar eru ferðaþjónustuaðilar hvattir til þess að „nýta sér sérþekkingu á náttúruvísindum og menningu sem fyrir hendi er“ (1996, bls. 41). Í lista yfir viðmælendur sem stýrihópurinn ræddi við við gerð skýrslunnar, er engi forsvarsmenn safna eða safntengdrar starfsemi að finna (1996, bls. 69-73). Tillögur stýrihópsins um úrbætur í menningarlegum eignum eru unnar á grundvelli skýrslu sem samgönguráðuneytið hafði látið gera og nefnist „Tengsl menningarsögu þjóðarinnar við ferðaþjónustu.“ (1996, bls. 65), en þar er m.a. fjallað um mikilvægi safna í uppbyggingu ferðaþjónustu.

Samgönguráðherra skipaði stýrihóp í nóvember 2003 um gerð ferðamálaáætlunar fyrir Ísland. Í áætluninni, sem sett var fram í skýrslunni Ferðamálaáætlun 2006-2015, var sett fram forgangsöröðun og stefnumótun „fyrir málaflokkinn í heild, hagkvæmari notkun fjármagns og mannafla og meiri áherslu á samstarf og samspil milli aðila ferðaþjónustu á landinu, stofnana samgönguráðuneytis, ráðuneytisins sjálfs og annarra ráðuneyta (2005, bls.7). Eitt af grunngögnum skýrslunnar er skýrslan Menningartengd ferðaþjónusta (2001), en samkvæmt skipunarbréfi stýrihópsins var honum upp á lagt að „taka skyldi á sem flestum sviðum í ferðamálaáætluninni“ (2005, bls. 67). Í meginmarkmiðslýsingu ferðamálaáætlunarinnar fyrir árabilið 2006-2015 segir m.a. að „náttúra Íslands, menning þjóðarinnar og fagmennska verði ráðandi þættir í þróun íslenskra ferðamála.“ (2005, bls.8). Í fylgiskjali með áætluninni eru þjóðhagsleg áhrif ferðamála metin og þar er vísað til talna frá árinu 2000 um hlutfall starfa á sviði menningar og afþreyingar, sem telja má að sé það svið sem söfn og safntengd starfsemi nái til. Þar kemur fram að hlutfallið sé 12% (2005, bls.19). Gera má ráð fyrir að þetta hlutfall hafi breyst á þeim fimmtán árum síðan tölurnar voru settar fram. Í kafla um umsvif ferðaþjónustu í ljósi fjölgunar erlendra ferðamanna til landsins er vikið að skýrslunni um Menningartengda ferðaþjónustu. Þar vekur athygli að umsvifin á því sviði eru sett í samhengi við byggðaáætlun og að í þeim eignum sé menningartengd ferðaþjónusta „sóknarfæri til nýsköpunar

á landsbyggðinni“ (2005, bls. 45). Söfn og safntengd starfsemi er ekki gerð að sérstöku umtalsefni. Í kafla um afkastagetu innviða í ferðaþjónustu s.s. með tilliti samgöngukerfa og gistirýma, er vikið sérstaklega að möguleikum ferðamanna til afþreyingar. Þar segir að „Engar rannsóknir hafa verið gerðar á afkastagetu og nýtingu fjárfestinga í afþreyingarþjónustu og því er afkastagetan óljós“ (2005, bls. 52). Sérstök tafla fylgir þessari umfjöllun frá árinu 2002, þar sem fram kemur að nýting ferðamanna á söfnum er breytileg eftir árstíðum. Á sumrin ríflega 40% en yfir vetrarmánuðina nálægt 30% (2005, bls.52). Í töflunni eru söfn flokkuð sem afþreying.

Skýrslan Menningartengd ferðaþjónusta (2001) sem gefin var út af Samgönguráðuneytinu er án efa ein áhrifaríkasta skýrsla stjórnvalda þegar kemur að stefnumörkun í málefnum safna og ferðamála en mikið er til hennar vitnað. Útkoma skýrslunnar helst í hendur við stjórnvaldsaðgerðir sem miðuðu að valddreifingu við úthlutun fjármagns til menningarverkefna og var hvatning til nýsköpunar á menningarsviðinu (Sigurjón Baldur Hafsteinsson, 2014). Eins og fram hefur komið byggir Ferðamálaáætlun 2006-2015 niðurstöður sínar á henni. Í Ferðamálaáætlun 2006-2015 er samantekt um niðurstöður skýrslunnar. Þar segir meðal annars að nefndin sem vann skýrsluna leggi það til að „menningartengd ferðaþjónusta verði skilgreind sem sérstök grein ferðaþjónustunnar“ (2005, bls. 68). Sérstaka athygli vekur í þessari samantekt að hvergi er vikið beinum orðum að söfnum eða safntengdri starfsemi. Fjallað er almennt um menningarstarfsemi sem mikilvæga og lagðar til efnislegar áherslur s.s. eins og bókmenntir og söguleg tímabil, sem sérstakt aðdráttarafl ferðamanna.

Vegna þessarar vöntunar í samantektina á tiltekinni umfjöllun um söfn og safntengda starfsemi, er nauðsynlegt að benda á nokkur atriði sem koma fram í skýrslunni sjálfri og varða söfn og safntengda starfsemi sérstaklega.

Í tillögum nefndarinnar um menningartengda ferðaþjónustu er, eins og áður sagði, lagt til að menningartengd ferðaþjónusta sé skilgreind sem sérstök grein ferðaþjónustunnar. Skýrslan fjallar með ýmsum hætti um söfn og safntengda starfsemi, en umræðan einkennist að víðari skýrskotun til annarra sviða sem gjarnan eru kennd við menningu og leggur fram tillögur um eflingu þeirra í tengslum við ferðaþjónustu. Í sérstökum kafla skýrslunnar um söfn er bent á að minjasöfn séu mikið sótt og að gegni „mikilvægu hlutverki í ferðaþjónustu“ (2001, bls.29). Á aðrar gerðir safna s.s. listasöfn eða náttúruminjasöfn er ekki minnst á í kaflanum. Megininntak umfjöllunarinnar er að benda á þætti sem megi leggja meiri rækt við í starfsemi minjasafna s.s. eins og sýningar, staðsetningu safna, kynningarstarf og sérhæfingu. Að auki er lagt til að söfnin verði „eins konar þróunarsetur“ þar sem „menning liðins tíma [er] sýnd í verki“ (2001, bls. 30). Í niðurlagi kaflans er sagt brýnt að „tengja saman markaðssetningu svæða og uppbyggingu afþreyingar“ (2001, bls. 30) og er þeim orðum fylgt eftir í stuttri samantekt um sérhæfingu og samþættingu

með markaðssetningu safna í huga. Þar er lögð áhersla á að safnastarfsemi falli að þróunaráætlunum í ferðapjónustu og að ná yfir ákveðin svæði sem hafi skýr markmið. Þróunaráætlanirnar eiga að ná yfir ákveðin „kjarnasvæði“ sem leggi áherslu á „sérhæfða upplýsingastarfsemi um menningarsögu þjóðarinnar“ (2001, bls.30).

Eins og áður segir er hlutur annarra safngerða ekki fyrirferðamikill í kaflanum um söfn, en á nokkrum stöðum í skýrslunni er bent á hlutverk Listasafns Íslands og annarra listasafna í nauðsyn á eflingu samtengingar milli safna og ferðapjónustu. Í umfjöllun skýrslunnar um sérsvið, þar sem rætt er almennt um menningu og listir er til að mynda vikið sérstaklega að þætti Listasafns Íslands. Þar er lagt til að skoða eigi þann möguleika að „Listasafn Íslands komi upp staðbundnum myndlistarsýningum og skjóti þannig stöðum undir menningaráfangastaði“ (2001, bls. 41). Nokkur dæmi um hvar slíkir „menningar-áfangastaðir“ eigi að vera eru lögð til (2001, bls.42). Í skýrslunni er talsvert vísað til ýmissa nafngreindra safna, sýninga og setra sem falla undir tillögur hennar um eflingu á ýmsum sviðum íslenskrar menningar, þar sem bæði er hvatt til frekari stuðnings við starfsemi þeirra og sem ákveðinna fyrirmynda um hvað megi gera.

Ferðamálaáætlun 2011-2020 er talsvert styttri en fyrri áætlanir í málaflokknum um ferðapjónustu og er sett fram í almennum markmiðum. Þar er ekki minnst á söfn eða safntengda starfsemi sérstaklega, en í einu af fjórum markmiðum áætlunarinnar er sagt að standa eigi að „markvissri uppbyggingu áfangastaða, öflugri vörupróun og kynningarstarfi til að skapa tækifæri til að lengja ferðamannatímabilið um land allt, minnka árstíðasveiflu og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið“ (2011,bls. 2). Gera má ráð fyrir að söfn og safntengd starfsemi falli undir þessi markmið þar sem áætlunin styðst við ítarlega útlistun á forsendum hennar í þingsályktunartillögu sem lögð var fyrir Alþingi. Þar kemur fram að þróun áfangastaða sé sérstaða þeirra dregin fram og þar á meðal á sviðum menningar, mannlífs, sögu og menningar- og menntatengdrar afþreyingar (Tillaga til þingsályktunar um ferðamálaáætlun 2011-2020, bls.1). Í umfjöllun um áherslur landshluta, sérstöðu þeirra og tækifæri eru nokkur setur og sýningar nefndar sérstaklega sem einkennandi fyrir landshluta. Eins og í fyrri ferðamálaáætlunum er lögð áhersla á gildi rannsókna fyrir þróun í ferðapjónustu í þingsályktunartillögunni en þar segir meðal annars að grunnöggnanti um samspil ferðapjónustunnar við menningu og samfélag (Tillaga til þingsályktunar um ferðamálaáætlun 2011-2020, bls.19).

Í Menningarstefnu sem samþykkt var á Alþingi 2013, segir að „Menningarlífíð [sé] lykilþáttur í uppbyggingu ferðapjónustu“ (2013, bls. 2). Í stefnunni kemur fram að henni sé ætlað að vera „lifandi þáttur í frekari stefnumótun, lagasetningu og ákvarðanatöku stjórnvalda í málaflokknum á hverjum tíma og að einstakir þættir hennar eða áherslur í henni þróist í takt við samfélagsbreytingar, tækninýjungar og

alþjóðlega strauma“ (2013, bls. 2). Stefnan er sett fram í tengslum við almenn markmið stjórnvalda sem sett voru fram í sóknaráætluninni Ísland 20/20 (2013, bls. 29). Nánari útlistun á samspili menningarstarfsemi, sem söfn, setur, sýningar og safnvísar falla undir, er að finna í einstökum köflum stefnunnar.

Þann 6. október 2015 kynnti atvinnu- og nýsköpunarráðherra nýja ferðamálastefnu, Vegvísir í ferðaþjónustu, sem ætlað er að gilda til ársins 2020. Niðurstaða stýri- og vinnuhóps sem vann að vegvísinum var sú að í ljósi vaxtar greinarinnar væri þörf á sérstöku átaki uppbyggingar og skipulags sem Stjórnstöð ferðamála mun sinna til ársins 2020. Ætlunin er að treysta grunn ferðaþjónustunnar með samhæfðum aðgerðum sem „mun skila öflugum skipulagi í ferðaþjónustu, uppbyggingu innviða, auknum gæðum, náttúru- og minjavernd og dreifingu ferðamanna yfir árið og um allt land“ (Vegvísir í ferðaþjónustu 2015, bls.7). Vegvísirinn leggur sjö megin markmið fram í starfsemi Stjórnstöðvar ferðamála: samhæfing, jákvæð upplifun ferðamanna, áreiðanleg gögn, náttúruvernd, hæfni og gæði, aukin arðsemi og dreifingu ferðamanna. Markmiðin eru aðgerðabundin og settar eru fram væntingar um árangur. Í vegvísinum er að finna hugarkort um hversu flókinn og umfangsmikill málaflokkurinn er. Það er athyglisvert að í kortinu er að finna vísan í Lög um dýravernd nr. 103/2002 en ekki safnalög nr. 141/2011. Haldnir voru fjölmargir fundir við gerð vegvísisins, bæði opnir borgarafundir og lokaðir fundir með hagsmunaaðilum. Athygli vekur að yfir lista um hagsmunaaðila sem fundað var með eru engin samtök eða félög nefnd sem starfa á sviðum safna og safntengdrar starfsemi (Vegvísir í ferðaþjónustu 2015, bls.3). Segja má að vísirinn fjalli hvað mest um söfn og safntengda starfsemi í markmiðslýsingu og aðgerðum er varðar náttúruvernd. En þar er lögð áhersla á að skilgreina áfangastaði ferðamanna og þar á meðal minjastaði. Einnig er þar nefnt að „UNESCO World Heritage and Sustainable Tourism Programme“ sé góður vettvangur til að nálgast ráðleggingar um uppbyggingu ferðamannastaða (Vegvísir í ferðaþjónustu 2015, bls.18), en sú áætlun leggur til verndun minja sem eru oft á forræði eða í umsjón safnastofnana eins og Íslandi.

Af þessari samantekt má greina að söfn og safntengd starfsemi hafa á undanförunum áratugum fengið aukið gildi í stefnum sem varða ferðamál. Það vekur hins vegar athygli að í skýrslunni *Tourism in Iceland, 1972-1975* eru söfn talin lykilstofnanir í uppbyggingu ferðaþjónustu út um allt land, en í þeim stefnum sem koma þar á eftir hefur sú áhersla að mestu horfið. Þess í stað eru söfn og safntengd starfsemi felld undir almennt orðalag um gildi menningar og menningarstofnana í málefnum ferðaþjónustu. Það er svo ekki fyrr en með skýrslunum *Stefnumótun í ferðaþjónustu og Ferðamálaáætlun 2006-2015*, sem söfn og safntengd starfsemi fá hliðstætt, en þó ólíkt, vægi og í tillögunum sem settar eru fram í skýrslunni *Tourism in Iceland, 1972-1975*. Hafa ber hins vegar hugfast að í skýrslunni *Ferðamálaáætlun 2006-2015* er fjallað um söfn og safntengda starfsemi undir yfirheitinu menningartengd ferðaþjónusta, sem hefur víðtæka og almenna skýrskotun til hverskonar starfsemi sem kenna má við menningu. Það vekur sérstaka

athygli í þessum gögnum hvaða aðilar það eru sem kallaðir eru að vinnuhópunum við gerð þeirra. Segja má að þumalputtareglan sé sú að fulltrúar safna eða fulltrúar hagsmunasamtaka safna (t.d. Félag íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS) og ICOM á Íslandi) eigi ekki neina eða mjög takmarkaða aðkomu að vinnu við gerð þessara stefnumótandi gagna.

HAGRÆN GREINING Á ÞÆTTI SAFNA Í HAGKERFINU

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands

INNGANGUR

Meginmarkmið þessa kafla er að greina áhrif og umfang safnastarfsemi í hagkerfinu með áherslu á þátt þeirra í ferðaþjónustu. Sérstaklega er leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

- » 1. *Hvert er hagrænt umfang þess sem kallað er menningartengd ferðaþjónusta?*
- » 2. *Hver er hlutur safnasviðs í því umfangi?*
- » 3. *Hvernig skiptist umfangið eftir landshlutum?*
- » 4. *Hverjar eru tekjur safnasviðs af ferðaþjónustu?*
- » 5. *Hver er hlutur safnasviðs í opinberum framlögum í samanburði við framlög til ferðaþjónustu?*

Kaflinn er þannig uppbyggður að fyrst er stutt umfjöllun um skilgreiningar. Litið er yfir niðurstöður fyrri rannsókna, bæði innlendra og erlendra. Þá er fjallað um þróun ferðaþjónustunnar á Íslandi. Þaðan er farið yfir í umfjöllun um menningartengda ferðaþjónustu og fjölda og dreifingu safna eftir landshlutum. Velta safna er skoðuð og ríkisframlög. Í niðurstöðum er leitast við að nýta þær upplýsingar sem settar hafa verið fram til að svara spurningunum fimm hér að framan.

MENNING OG MENNINGARTENGD FERÐAÞJÓNUSTA

Það er ekki einfalt að notast við hugtakið menningartengd ferðaþjónusta, enda er hugtakið menning flókið og oft á tíðum erfitt að skilgreina það nákvæmlega (sjá t.d. Richards, 2005 og Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir, 2008). Í þessum kafla er notast við þá skilgreiningu sem finna má í atvinnugreinaflokkunarkerfi Hagstofunnar, og telja má að taki til menningartengdrar ferðaþjónustu, en sérstakur flokkur í því kerfi (Ísat-2008) tekur saman menningarlega starfsemi. Gott er að hafa í huga að þessi flokkun hefur þannig áhrif á þær niðurstöður sem birtar eru í þessari skýrslu.

AÐRAR RANNSÓKNIR

Árið 2001 gaf Samgönguráðuneytið út skýrslu þar sem er meðal annars haldið fram að íslensk menning geti orðið ein af tveimur meginstöðum ferðaþjónustu, ásamt íslenskri náttúru. Hins vegar krefjist það einhvers undirbúnings og stuðnings (Tómas Olrich, 2001). Áki Guðni Karlsson skrifaði MA ritgerð um menningartengda ferðaþjónustu á Vestfjörðum árið 2011. Þar kemur fram að ýmsar menningarstofnanir hafi sprottið þar upp á undanförunum árum sem flestar telja ferðaþjónustu vera meginstöð starfseminnar. Í MA ritgerð sinni kannar Þóra Björk Ólafsdóttir (2012) rekstur 52 safna árið 2010 sem öll njóta styrkja

frá Safnasjóði. Þar kemur fram að af heildartekjum safnanna komu 65% frá sveitarfélögum, 10% frá ríkissjóði og 17% var aflað af hálfu safnanna sjálfra.

Erlendis hafa hagræn áhrif menningartengdrar ferðaþjónustu og safna verið rannsökuð af ýmsum aðilum. Á Norðurlöndunum hafa að minnsta kosti verið framkvæmdar tvær veigamiklar athuganir. Í sænskri rannsókn frá 2013 voru hagræn áhrif safna metin á grundvelli útgjalda erlendra ferðamanna sem rekja má til heimsókna þeirra á söfn. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að 15% erlendra ferðamanna komi til Svíþjóðar með það helst að markmiði að njóta menningar. Um 20% erlendra ferðamanna fara að minnsta kosti á eitt safn. Hins vegar komi 2,25-7,25% erlendra ferðamanna til landsins með það að leiðarljósi að skoða söfn. Þessir ferðamenn eyða um 2,5-6,7 milljörðum sænskra króna sem má þá rekja beint til safna. Þó er tekið fram að taka þurfi niðurstöður rannsóknarinnar með fyrirvara þar sem gögnin eru ekki fullnægjandi (Armbrecht, 2013).

Í Finnlandi benda rannsóknir til þess að aðeins um 40% þjóðarinnar sækir söfn, en um þriðjungur þeirra fer oft en 5 sinnum á ári. Í finnskri rannsókn frá 2013 voru teknar saman upplýsingar um neyslu og ferðalög til safna. Gögnunum var safnað með spurningakönnunum og voru 6.500 gestir í úrtakinu. Niðurstöður benda til að safnagestir séu að meðaltali betur menntaðir og hafi hærri tekjur en meðalmaðurinn. Af því leiðir að safnagestir eyða hærri upphæðum að meðaltali á ferðalögum sínum en aðrir ferðamenn. Samkvæmt niðurstöðunum eru lágmarksútgjöld á mann við hverja heimsókn á safn 33 evrur. Frekari tölfræðileg greining leiddi í ljós að meðaleyðsla allra safnagesta væri tæpar 50 evrur. Af þessum upphæðum fara aðeins um 3-4% til safnsins. Meirihluti kostnaðarins fellur til við ferðalagið, s.s. í mat, verslun, gistingu o.s.frv. Þá benda niðurstöðurnar til að skatttekjur sveitarfélaga sem myndast vegna safna séu meiri en kostnaður sveitarfélaga af þeim (Piekkola, Suojanen og Vainio, 2014).

Myerscough (1988) sýndi að um 44% gesta safna og myndlistasýninga og um 40% leikhús- og tónlistagesta í London væru ferðamenn. Árið 2010 var hagrænt virði hins óháða safnageira (e. Independent Museum Sector) metið í Bretlandi. Meðal helstu niðurstaðna er að söfnin leiða til um 124 milljón punda í bein, óbein og afleidd áhrif sem myndast vegna útgjalda safnagesta. Þá má rekja allt að 6000 bein, óbein og afleidd störf til safnanna (DC Research, 2010). Í nýlegri rannsókn á hagrænum áhrifum safna í Englandi var gögnum úr ýmsum áttum safnað saman sem gefa góða mynd af beinum áhrifum safna. Samkvæmt þeim er virðisauki safna um 1,45 milljarðar punda og fyrir hvert pund sem söfn fá í styrk frá hinu opinbera fá þau 3 pund í tekjur. Þá mynda söfn nálægt 40 þúsund störf (TBR, 2015).


UMFANG Á ÍSLANDI

Eitt af markmiðum þessarar skýrslu er að áætla hagrænt umfang menningartengdrar ferðaþjónustu, hlut safnasviðs í því umfangi og skiptingu eftir landshlutum. Í hagfræði er yfirleitt litið svo á að virðisauki (e. value added) sé besti mælikvarðinn á umfang, þrátt fyrir ýmsa galla, en honum er ætlað að mæla þá verðmætasköpun sem myndast í tiltekinni atvinnugrein á tilteknum tíma. Summa alls virðisauka sem myndast í samfélaginu á einu ári jafngildir vergri landsframleiðslu.

Almennt er skortur á gögnum um menningartengda ferðaþjónustu og menningartengda starfsemi (Richards, 2005) og eru aðstæður á Íslandi þar engin undantekning. Þrátt fyrir að Hagstofa Íslands hafi gefið út svokallaða ferðaþjónustureikninga á undanförunum árum er erfitt að nota þá til að meta hluta menningar í ferðaþjónustu auk þess sem þeir mæla ekki sérstaklega hlutdeild safna. Því eru ekki fáanlegar áreiðanlegar tölur fyrir virðisauka í menningartengdum atvinnugreinum, og er þar atvinnugrein safna meðtalin. Hins vegar eru til ýmsir aðrir mælikvarðar sem saman geta gefið góða mynd af umfangi menningartengdrar ferðaþjónustu.

Ferðaþjónusta

Erlendum ferðamönnum sem koma til Íslands hefur fjölgað verulega á síðustu árum. Fjöldinn um það bil tvöfaldaðist á árunum 2010 til 2014 þegar tæp milljón ferðamanna kom til landsins, samkvæmt gögnum Ferðamálastofu.¹



Mynd 1 Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi. Heimild: Ferðamálastofa.

Samkvæmt ferðavenjukönnunum Ferðamálastofu frá 2000 og 2003 fara yfir 80% landsmanna í ferðalög innanlands ár hvert. Þá benda kannanir frá 2009-2014 til þess að þetta hlutfall hafi farið hækk-


¹ Hugsanlega er hér um ofmat að ræða en talningar Ferðamálastofu byggjast á útlendingum sem fara frá landi. Því gætu þær innihaldið til dæmis erlent vinnuafl og erlenda námsmenn sem ekki flokkast sem ferðamenn (sjá nánar í Frent, 2013).

andi síðan um aldamót og sé nú nálægt 90%. Erlendum ferðamönnum hefur því ekki aðeins fjölgað á landinu síðustu árin heldur einnig ferðalögum Íslendinga innanlands.

Í samræmi við fjölgun ferðamanna hefur hlutur ferðaþjónustu í vergri landsframleiðslu farið vaxandi sé miðað við niðurstöður ferðaþjónustureikninga Hagstofunnar. Samkvæmt þeim var heildarverðmætasköpun ferðaþjónustunnar um 56 milljarðar árið 2009 en rúmum 87 milljarðar árið 2013. Þetta jafngildir hækkun úr 3,6% af vergri landsframleiðslu árið 2009 í 4,6% árið 2013.

Í ljósi þess að ferðamönnum hefur farið fjölgandi kemur ekki á óvart að heildarneysla þeirra hér á landi hefur einnig farið vaxandi samkvæmt gögnum Hagstofunnar, eins og sjá má á mynd 2. Heildarneysla innlendra ferðamanna árið 2013 nam tæpum 90 milljörðum króna en var um 70 milljarðar króna árið 2009 sé miðað við fast verðlag ársins 2013. Heildarneysla erlendra ferðamanna árið 2013 nam um 165 milljörðum króna og hafði hækkað úr um 110 milljörðum króna árið 2009.

Þá benda gögnin til að meðalneysla á hvern innlendan ferðamann hafi aukist um 22% á tímabilinu 2009 til 2013, eða um rúmlega 55 þúsund krónur að raunvirði. Þessu skal þó tekið með þeim fyrirvara að ekki eru til opinber gögn um fjölda innlendra ferðamanna heldur er fjöldi þeirra áætlaður út frá mannfjölda og ferðavenjukönnunum Ferðamálastofu. Meðalneysla erlendra ferðamanna dróst saman um tæp 9% að raunvirði á sama tímabili, sbr. mynd 2.



Mynd 2 Heildarneysla innlendra og erlendra ferðamanna (m.kr.) og meðalneysla á mann (kr.) á föstu verðlagi árs 2013.
Heimild: Hagstofa Íslands, Ferðamálastofa og eigin útreikningar.

Það er ljóst að umfang ferðaþjónustu á Íslandi hefur aukist og þá sérstaklega á árunum eftir hrún. Öllu erfiðara er að áætla þróun í menningartengdri ferðaþjónustu en það er umfjöllunarefni næsta kafla.

Menningartengd ferðapjónusta

Því er víða haldið fram að ferðamenn sem koma vegna menningar (e. cultural tourists) eyði meiru á ferðalagi sínu en aðrir ferðamenn (sjá t.d. Hargrove, 2014; Isaac, 2008). Samkvæmt rannsóknnum sem framkvæmdar hafa verið í Bandaríkjunum eyða slíkir ferðamenn í kringum 60-100% meira en aðrir sem ferðast í frítíma sínum (Hargrove, 2014; Martin, Bridges og Valliere, 2004). Því myndast hvati til að ýta undir menningartengda ferðapjónustu, bæði fyrir fyrirtæki, stofnanir og hið opinbera, en öll hagnast þau meira ef ferðamenn eyða meiru á meðan á dvöl þeirra stendur á hverjum stað.

Eins og fram hefur komið er skortur á áreiðanlegum gögnum um menningartengda ferðapjónustu. Því er mjög erfitt, ef ekki ógerlegt, að áætla hve stóran hluta ferðapjónustunnar megi tengja menningu. Hér verður þó gerð tilraun til þess að nýta þau gögn sem fyrir liggja til að ræða mögulegt umfang menningartengdrar ferðapjónustu.

Samkvæmt ferðavenjukönnunum Ferðamálastofu sem gerðar hafa verið meðal erlendra ferðamanna segja um 40% svarenda að menning/saga hafi haft mikil áhrif á ákvörðunina um að koma til Íslands, eins og sjá má í töflu 1. Þá merkja um 5% svarenda við að hugmyndin að Íslandsferð hafi vaknað út frá íslenskum bókmenntum og 5% að hugmyndin hafi vaknað út frá íslenskum kvikmyndum. Vert er þó að benda á að þetta þýðir ekki endilega að 10% svarenda fái hugmyndina annað hvort frá bókmenntum eða kvikmyndum, líklegra er að einhver hluti svarenda hafi merkt við báða möguleika og fái því hugmyndina frá bæði bókmenntum og kvikmyndum. Er þetta í samræmi við niðurstöður kannananna 2011 og 2012 þar sem að meðaltali 7,5% svarenda merkja við að íslenskar bókmenntir/kvikmyndir hafi gefið hugmyndina að Íslandsferð.

Miðað við þessar niðurstöður virðist íslensk menning gegna ákveðnu hlutverki við að vekja áhuga erlendra ferðamanna á að koma til landsins. Þó er ómögulegt að vita hve margir hefðu komið ef menningarstarfsemi væri minni að vöxtum en nú er.

Tafla 1 Niðurstöður ferðavenjukannana Ferðamálastofu meðal erlendra ferðamanna.

Taflan sýnir hlutfall svarenda sem völdu gefinn svarmöguleika. Heimild: Ferðavenjukannanir Ferðamálastofu.

	Sumar 2011	Vetur 2011/2012	Vetur 2013/2014	Sumar 2014
Íslenskar bókmenntir gáfu hugmyndina að Íslandsferð			4,1	5,9
Íslenskar kvikmyndir gáfu hugmyndina að Íslandsferð			3,8	5,8
Íslenskar bókmenntir/kvikmyndir gáfu hugmyndina að Íslandsferð	8,1	6,7		
Menning/saga hafði mikil áhrif á ákvörðunina að ferðast til Íslands	38,6	40,1	43,9	40,7
Greiddi fyrir að fara á safn í Íslandsferðinni			29,7	43,9
Greiddi fyrir að fara á listagallerí/sýningu			13,3	17
Greiddi fyrir að fara á söfn/sýningar	46,2	34,3		
Greiddi fyrir að fara á hátíð eða einstaka viðburð	5,9	4,8	6,8	12,7
Greiddi fyrri annan menningaviðburð	7,8	8,9	3,3	6
Söfn/sýningar eru helsti styrkleiki íslenskrar ferðapjónustu	1,4	1,6	1,9	0,6
Söfn/sýningar eru einn af þremur helstu styrkleikum íslenskrar ferðapjónustu			9,2	8,9
Söfn/sýningar eru einn af tíu helstu styrkleikum íslenskrar ferðapjónustu	11,2	12,5		


Heimild: Ferðavenjukannanir Ferðamálastofu.

Niðurstöður erlendu ferðavenjukannanna 2013-2014 benda til að hátt í 40% svarenda hafi greitt fyrir aðgang að safni, 15% fyrir aðgang að listagalleríi/sýningu, tæp 10% fyrir aðgang að hátíð og tæp 7% fyrir aðgang að öðrum menningarviðburðum. Svo virðist sem niðurstöður fyrri kannana frá 2011-2012 séu sambærilegar, sbr. töflu 1. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður Myerscough (1988) í Bretlandi. Þá benda kannanir til þess að meðalfjöldi safnaheimsókna þeirra sem fóru í söfn séu 1,8, en meðalfjöldi heimsókna á aðra menningartengda viðburði eitthvað minni. Fyrri kannanir benda til að meðalfjöldi heimsókna á alla menningartengda viðburði, s.s. söfn, leikhús, tónleika, o.fl. hafi verið um 2-3 heimsóknir á mann af þeim sem greiddu fyrir þessa þjónustu. Eins og áður eru niðurstöður fyrri og nýrri ferðavenjukannana sambærilegar hvað þetta varðar.

Þrátt fyrir töluverða aðsókn erlendra ferðamanna í menningartengda starfsemi á landinu eru að meðaltali aðeins 1,4% svarenda sammála um að söfn/sýningar séu helsti styrkleiki íslenskrar ferðþjónustu. Töluvert fleiri eru sammála um að söfn/sýningar séu einn af helstu styrkleikum landsins, eins og sjá má í tveimur neðstu röðum töflu 1.

Ferðavenjukannanir Ferðamálastofu sem gerðar eru meðal Íslendinga gefa mun minni upplýsingar varðandi eftirspurn menningartengdrar þjónustu en kannanirnar fyrir erlendu ferðamennina. Þær benda þó til að um 40% innlendra ferðamanna greiði fyrir aðgang að safni og/eða sýningu. Þá greiða um 20% fyrir aðgang að leikhúsi eða tónleikum. Aðrar rannsóknir hafa bent til þess að um 30-43% einstaklinga fari á söfn í heimalandi sínu í Evrópu (EGMUS, 2004).

Þrátt fyrir að erfitt sé að túlka niðurstöður ferðavenjukannanna á annan hátt en að menning og menningartengd starfsemi á Íslandi hafi áhrif á aðsókn ferðamanna og ferðþjónustu á landinu er aðeins 0,6% af heildarneyslu erlendra ferðamanna hér tengd menningarstarfsemi samkvæmt gögnum Hagstofunnar, sbr. mynd 3. Jafngildir það rúmum milljarði króna árið 2013 sem er um 1.300 krónur á hvern ferðamann.




Mynd 3 Menningarneysla innlendra og erlendra ferðamanna á föstu verðlagi 2013 og hlutfall menningar af neyslu ferðamanna. Heimild: Hagstofa Íslands, Ferðamálastofa og eigin útreikningar.

Samkvæmt gögnum Hagstofunnar verja innlendir ferðamenn hlutfallslega mun hærri fjárhæðum til menningarstarfsemi en erlendir ferðamenn eða um 2% af útgjöldum sínum. Það jafngildir um 7.000 krónum á ferðamann.

Ástæða þess hve lágt hlutfall menningartengdrar neyslu er af heildarneyslu ferðamanna má vafalaust rekja að einhverju leyti til þess að njóta má ýmissa menningarviðburða gjaldfrjálst sem sýnir sig þá augljóslega ekki í tölum um útgjöld ferðamanna. Að því leyti er trúlega um vanmat að ræða á neyslu ferðamanna á menningartengdri upplifun.

Fjöldi og dreifing safna og safnagesta

Samkvæmt gögnum Hagstofunnar hefur söfnum farið fjölgandi og voru um 160 söfn starfandi á Íslandi árið 2011 og eins og sjá má á mynd 4. Mikilvægt er að taka það fram að hér er átt við söfn, setur, sýningar og safnvísa, eins og kemur fram í safnalögum nr. 141/2011 (Sjá Þóra Björk Ólafsdóttir, 2012, bls. 19-21). Á myndinni er söfnunum skipt niður eftir tegund. Stærstur hluti safna flokkast sem söguminjasöfn og hefur sá flokkur einnig vaxið mest á tímabilinu eða úr 40 í rúmlega 80 söfn. Fjöldi annarra tegunda safna hefur haldist fremur stöðugur.




Mynd 4 Fjöldi safna eftir tegund og árum. Heimild: Hagstofa Íslands.

Flest eru söfnin á höfuðborgarsvæðinu og hefur það haldist óbreytt eins langt aftur og gögnin ná. Söfnum hefur þó fjölgað í öllum landshlutum og fremur hægt á höfuðborgarsvæðinu miðað við aðra landshluta. Því dreifast söfnin fremur jafnt yfir landið samkvæmt nýjustu tölum Hagstofunnar eins og sjá má á mynd 5. Í flestum landshlutum er meirihluti safna söguminjasöfn. Undantekningar eru á höfuðborgarsvæðinu þar sem mest er um listasöfn og á Suðurnesjum þar sem byggðasöfnin eru flest.


Samhliða fjölgun safna hefur gestum fjölgað til muna. Hagstofan birtir gögn um fjölda gesta á söfn,

setur, sýningar og garða. Samkvæmt þeim hefur gestafjöldi að meðaltali aukist um 90% á árabílinu 1996-2010 og var hann um 1,6 milljón árið 2010. Gestum söguminjasafna hefur fjölgað mest, eða um meira en 300%. Söfnum af þessari tegund hefur líka fjölgað mest, eða um 100% á tímabilinu. Gestakomum á náttúrusöfn hefur fjölgað um næstum 270%, en slíkum söfnum hefur fjölgað um rúm 70% á tímabilinu.



Mynd 5 Fjöldi safna eftir landshlutum árið 2010. Heimild: Hagstofa Íslands.

Á mynd 6 og töflu 2 má sjá hvernig gestafjöldi hefur þróast eftir landshlutum. Mest er gestakoman á höfuðborgarsvæðinu og náði hún hámarki árið 2010 í um 950 þúsund manns. Þrátt fyrir mestan fjölda safnagesta hefur fjölgunin verið hlutfallslega minnst á höfuðborgarsvæðinu. Fjölgunin hefur verið hlutfallslega sambærileg á landsbyggðinni og er á bilinu 146-176% að Norðurlandi vestra undanskildu, þar sem vöxturinn var sambærilegur og á höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 6 Fjöldi safnagesta skipt eftir landshlutum, (þús.). Safnagestir landsbyggðar eru lesnir af vinstri ás en safnagestir höfuðborgarsvæðis á hægri ás. Heimild: Hagstofa Íslands.

Athyglisvert er að launaðir starfsmenn safna eru ávallt margfalt fleiri á sumrin en í árslok og getur þar munað fleiri hundruð prósentum. Er þetta óháð staðsetningu safna eftir landshlutum. Þar sem ekki er sérstök ástæða til að ætla að heimamenn fari frekar á söfn að sumri til en á öðrum árstímum bendir þetta til þess að meirihluti gesta sé innlendir og erlendir ferðamenn. Þetta má skoða nánar með grófum útreikningum.


Sé gert ráð fyrir því að 40% erlendra ferðamanna sem hingað koma greiði sig inn á safn, eins og ferðavenjukannanir Ferðamálastofu gefa til kynna, bendir það til þess að árið 2005 hafi um 150 þúsund erlendir ferðamenn sótt söfn, og að þeir hafi verið orðnir um 400 þúsund árið 2014. Sé jafnframt gert ráð fyrir að hver þessara safnagesta fari í 1,8 söfn má ætla að árið 2005 hafi um 270 þúsund safnagesta verið erlendir en árið 2014 hafi þeir verið um 720 þúsund talsins. Þetta eru 20-35% af öllum gestum safna, sýninga o.þ.h., miðað við gögn Hagstofunnar.

Tafla 2 Fjöldi safnagesta árið 2010 auk hlutfallslegrar fjölgunar safnagesta frá 1996.
Heimild: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

	Fjöldi 2010	Hlutfallsleg fjölgun frá 1996
Höfuðborgarsvæðið	950.402	62%
Suðurnes	76.183	148%
Vesturland	58.918	176%
Vestfirðir	46.682	166%
Norðurland vestra	85.455	66%
Norðurland eystra	145.606	171%
Austurland	60.948	146%
Suðurland	193.430	169%

Þar sem gögn Hagstofunnar telja alla gesti safna og skyldrar starfsemi eins og setra, sýninga og garða mætti taka tillit til fjölda heimsókna á alla menningartengda viðburði sem erlendir gestir fara á, en ekki bara fjölda heimsókna á söfn. Því er hér einnig, í samræmi við niðurstöður ferðavenjukannana, gert ráð fyrir að þeir erlendu ferðamenn sem fara á söfn fari einnig á sýningar og aðra menningarviðburði svo það jafngildi 2,8 heimsóknum á menningarviðburði. Þetta bendir til að um 40% af öllum gestum safna, sýninga o.þ.h. séu erlendir ferðamenn. Líklegt er að hið rétta hlutfall sé einhvers staðar á milli 20 og 40%.

Í þessum útreikningum hefur ekki verið tekið tillit til innlendra ferðamanna. Samkvæmt ferðavenjukönnunum Ferðamálastofu sem gerðar hafa verið meðal Íslendinga á árunum 2009-2013 ferðast um 88% Íslendinga innanlands ár hvert. Kannanirnar benda einnig til að um 40% Íslendinga greiði fyrir söfn og/eða sýningar á ferðalögum sínum innanlands. Hins vegar eru ekki til upplýsingar um hve mörg söfn hver innlendir ferðamaður sækir að meðaltali á ferðalagi sínu. Sé einungis gert ráð fyrir einu safni fæst að á tímabilinu frá 2002-2011 hafi að jafnaði tæp 8% safnagesta verið innlendir ferðamenn.




Mynd 7 Hlutfall innlendra og erlendra ferðamanna af heildargestafjölda safna. Bláa kúrfan sýnir niðurstöður ef gert er ráð fyrir að hver erlendur ferðamaður fari í 1,8 heimsóknir á söfn o.þ.h. en rauða kúrfan fæst ef gert er ráð fyrir 2,8 heimsókn-um. Heimild: Hagstofa Íslands, Ferðamálastofa og eigin útreikningar.

Sé þessum safnagestum bætt við þá erlendu fæst að ferðamenn séu 30-40% af heildarfjölda safnagesta frá 2002 til 2006. Eftir það eru ferðamenn um 30-50% af heildarfjölda safnagesta, sbr. mynd 7. Þá er ekki ólíklegt að innlendir ferðamenn fari á fleiri en eitt safn á ferðalögum sínum á ári hverju. Því getur þetta hlutfall hæglega verið vanmat. Gögn Hagstofunnar um útgjöld ferðamanna benda til að innlendir ferðamenn eyði um tvöfalt meira fé í menningarstarfsemi en erlendir ferðamenn að meðaltali. Þar sem bæði 40% innlendra og erlendra ferðamanna greiða sig inn á söfn bendir þetta óneitanlega til þess að líklegt er að innlendir ferðamenn heimsæki fleiri söfn en erlendir ferðamenn.

Af ofangreindu má ráða að umfang menningartengdrar ferðaþjónustu hafi verulega aukist á síðustu árum. Menningartengd neysla ferðamanna hefur aukist óháð því hvort ferðamenn séu innlendir eða erlendir. Söfnum hefur fjölgað um rúm 60% og fjöldi safnagesta hefur tvöfaldast. Erfiðara er að greina hvort aukinn fjöldi ferðamanna og safnagesta hafi ýtt undir aukinn fjölda safna eða öfugt. Líklegast er þó að áhrifin verki í báðar áttir, það er, að aukinn fjöldi ferðamanna leiði til aukningar í framboði safna og sýninga sem svo aftur leiðir til aukningar í ferðamönnum.

TEKJUR OG RÍKISFRAMLÖG SAFNA

Skráðum fyrirtækjum og félögum í menningarstarfsemi hefur fjölgað um 14% frá 2008 samkvæmt gögnum Hagstofunnar og eru þau nú um 1450 talsins. Þar af eru 85% flokkuð undir skapandi listir og afþreyingu (Ísat-flokk 90) en 15% eru flokkuð undir starfsemi safna og aðra menningarstarfsemi (Ísat-flokk 91). Bent skal á að ekki voru öll fyrirtæki og félög í starfsemi safna og annarri menningarstarfsemi talin meðal safna í kaflanum hér á undan.




Mynd 8 Velta skapandi lista og starfsemi safna (m. Kr.) og velta á fyrirtæki (kr.) frá 2008 á föstu verðlagi árs 2014.
Heimild: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

Á mynd 8 má sjá veltu þessa tveggja flokka frá 2008 á föstu verðlagi 2014 miðað við vísitölu neysluverðs. Heildarvelta í floknum skapandi listir hefur aukist meira en heildarvelta í starfsemi safna, eins og lesa má af vinstri ás. Þó hefur hlutfallsleg aukning orðið meiri í flokki starfsemi safna en heildarveltan jókst um rúm 80% á tímabilinu en um rúm 50% hjá skapandi listum. Ef litið er til meðalveltu á fyrirtæki hefur hún aukist meira hjá starfsemi safna en skapandi listum, eins og sjá má af hægri ás. Þrátt fyrir það er velta á fyrirtæki lítil miðað við það sem gengur og gerist og er hún á bilinu 1,8-2,3 milljónir króna á fyrirtæki að meðaltali á ári í báðum flokkum árið 2014. Hins vegar er vert að hafa í huga að miklu munar á veltu safna. Þannig er líklegt að sum söfn hafi litla eða enga veltu, enda víða frítt inn á söfn, en að velta annarra sé tugir milljóna króna.

Söfn njóta mörg hver opinberra framlaga frá ríkinu. Upphæðir framlaga má nálgast í ríkisreikningi. Heildarframlög ríkisins til allra safna frá 2008 má sjá á mynd 9 á föstu verðlagi árs 2014 miðað við vísitölu neysluverðs. Heildarframlögin hafa lækkað úr um þremur milljörðum króna í 2,2. Af því hlýtur Landsbókasafn Íslands um þriðjung.

Þar sem í þessari skýrslu er horft á ferðapjónustu og hlut safna í henni er áhugavert að líta sérstaklega til þeirra safna sem ætla má að ferðamenn stundi. Er þá söfnum á borð við Þjóðskjalasafnið, Landsbókasafnið og Hljóðbókasafnið sleppt. Framlög til þessara svokölluðu ferðamannasafna má einnig sjá á mynd 9.² Sjá má að þróun ríkisframlaga til ferðamannasafna er sambærileg og þróun til safna yfirhöfuð og hefur farið lækandi frá 2008 að raunvirði. Ferðamannasöfn hljóta um helming af heildarframlögum ríkisins til safna á ársgrundvelli.

2 Öll söfn inniheldur Þjóðminjasafnið, Þjóðskjalasafnið, Þjóðmenningarhúsið, Landsbókasafnið, Listasafn Einars Jónssonar, Listasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands, Hljóðbókasafnið, Náttúruminjasafnið, Gljúfrastein, Safnasjóð og það sem kallað er Söfn, ýmis framlög eða söfn og menningarminjar í ríkisreikningum. Ferðamannasöfn eru allt ofangreint að undanskildum Þjóðskjalasafninu, Landsbókasafninu og Hljóðbókasafninu.



Mynd 9 Ríkisframlög 2008-2014 á föstu verðlagi árs 2014 (m.kr).
Heimild: Ríkisreikningur viðkomandi ára.

Inni í báðum flokkum, þ.e. öllum söfnum og ferðamannasöfnum, eru framlög til Safnasjóðs en hlutverk hans er meðal annars að veita styrki til að efla rekstur viðurkenndra safna, en ekki ríkissafna. Ekki rata öll ríkisframlög til Safnasjóðs í hendur safna en miðað við fyrirbyggjandi gögn fara um 90% þeirra sem styrkir til ýmissa safna.³

Þá er vert að minna á að hér er ekki fjallað um heildarframlög til safna heldur einungis framlög frá ríkinu. Ætla má mörg söfn fá einnig framlög frá viðkomandi sveitarfélagi. Ef niðurstaða Þóru Bjarkar Ólafsdóttur (2012) um að ríkisstyrkir safna sem fá framlög úr Safnasjóði séu aðeins um 10% af tekjum safnanna en að 65% komi hins vegar frá sveitarfélögum á við um flest söfn má ætla að heildarstyrkir safna frá hinu opinbera séu mun hærri en ríkisstyrkir eða yfir 9 milljarðar króna.

Til samanburðar er áhugavert að skoða framlög ríkisins til ferðaþjónustu. Samkvæmt ríkisreikningi felast framlög til ferðaþjónustu í framlögum til Ferðamálastofu, Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða auk framlaga í ýmis ferðamál.⁴ Yfir allt tímabilið eru ríkisframlög til ferðaþjónustu lægri en ríkisframlög til allra safna eins og sjá má á mynd 9. Hins vegar fóru framlögin til ferðaþjónustu fram úr framlögum til ferðamannasafna árið 2012 og hafa þau verið nálægt 1,5 milljarði síðan þá. Rétt er að benda á að framlög hins opinbera í vegagerð, flugsamgöngur og fleira má að hluta til líta á sem framlög í ferðaþjónustu, sem þó er ekki tekið tillit til hér.

³ Nánar má sjá um skiptingu styrkja úr Safnasjóði á <http://www.safnarad.is/media/tolfraedi/UthlutunSafnarads-2002-2012web3.pdf>.

⁴ Augljóst er að ýmis önnur opinber framlög hafa áhrif á ferðaþjónustu, má þar meðal annars nefna framlög í samgöngur.

NIÐURSTÖÐUR OG SAMANTEKT

Ekki er til skýr skilgreining á menningartengdri ferðaþjónustu. Hér hefur ekki verið leitast við að varpa frekara ljósi á hvað átt er við með hugtakinu. Þess í stað hefur einfaldlega verið notast við skilgreiningar út frá þeim gögnum sem fyrir liggja.

Ljóst er að menning og saga Íslands hefur áhrif á sókn erlendra ferðamanna til landsins. Þá er þekkt að innlendir ferðamenn leita oft á þá staði sem hafa menningarlega og sögulega tengingu. Ferðavenjukannanir benda til þess að yfir 40% innlendra og erlendra ferðamanna greiða fyrir aðgang að söfnum og/eða annarri menningartengdri þjónustu. Þá benda þær til þess að af menningartengdri þjónustu sækja flestir söfn. Þetta, ásamt öðru, bendir til að menningartengd ferðaþjónusta sé nokkur á Íslandi og að hlutur safnasviðs í því umfangi sé verulegur. Hins vegar eru fyrirbyggjandi gögn ekki nægilega góð til að leggja fram tölulegt mat.

Ýmislegt bendir til að eftirspurn safna og tengdrar þjónustu megi að miklu leyti rekja til ferðamanna, þá bæði innlendra og erlendra. Þó virðast erlendir ferðamenn spila þar stærra hlutverk enda hefur fjölgun safna verið mikil, í samræmi við mikla aukningu í fjölda erlendra ferðamanna.

Þegar litið er til fjölda safna og safnagesta hefur höfuðborgarsvæðið verið miðstöð safna á Íslandi. Söfnum hefur þó fjölgað í öllum landshlutum en hvað hægst á höfuðborgarsvæðinu. Heildarfjöldi gesta safna og sýninga hefur aukist svo um munar frá 1996. Á milli 1996 og 2010 fjölgaði gestum alls um nánast 90%. Í öllum landshlutum var fjölgunin í kringum 160% nema á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi vestra þar sem fjölgunin var mun minni. Þrátt fyrir það er yfirgnæfandi meirihluti safnagesta á höfuðborgarsvæðinu.

Óljóst er hvort fjölgun ferðamanna og safnagesta ýti undir aukinn fjölda safna, hvort fjölgun safna ýti undir fjölda ferðamanna og safnagesta eða hvort áhrifin verki hvort á annað. Líklegast er þó að það myndist eins konar hringrás.

Heildarvelta safna og annarrar menningarstarfsemi (Ísat-flokks 91) á Íslandi er 394 milljónir að raunvirði á ári að meðaltali 2008-2014, sé miðað við upplýsingar frá Hagstofu Íslands. Miðað við veltutölur Hagstofunnar eru tekjur safna á Íslandi litlar að meðaltali. Gögnin benda til að meðaltekjur á safn séu í kringum 2 milljónir króna á ársgrundvelli. Þetta lága meðaltal má rekja til þess að mörg skráð söfn hafa litla starfsemi eða rukka ekki aðgangseyri og hafa því oft engar tekjur. Önnur söfn hafa hins vegar mun hærri tekjur. Að gefinni umræðu hér að ofan má ætla að stór hluti veltunnar komi frá innlendum og erlendum ferðamönnum. Miðað við þá útreikninga sem hafa verið framkvæmdir hér eru 40-50% allra safnagesta ferðamenn. Því má ætla að sama hlutfall veltunnar megi rekja til ferðaþjónustu.

Ríkisframlög til allra safna á Íslandi hafa verið um 2-3 milljarðar króna að raunvirði frá árinu 2008. Séu hins vegar dregin frá framlög til safna sem laða sennilega ekki að sér ferðamenn, þ.e. framlög til Þjóðskjalasafns, Landsbókasafns og Hljóðbókasafns, er eftir um 1,2 milljarðar króna að meðaltali á ári frá 2008. Hér hefur ekki verið tekið tillit til framlaga frá sveitarfélögum. Ef það er gert má ætla að heildarframlög til ferðamannasafna séu nær 9 milljörðum króna á ársgrundvelli. Til samanburðar má nefna að framlög til þess sem kallast ferðaþjónusta í ríkisreikningi eru tæpir 1,2 milljarðar króna að raunvirði á ársgrundvelli.

VIÐHORFSKANNANIR

Inngangur

Markmið þessa hluta rannsóknarinnar er að kortleggja samband þeirra sem koma að skipulagi og starfsemi safna og safntengdrar starfsemi í ferðaþjónustu, menningarfulltrúa, auk markaðsstofa landshlutanna. Við gerð spurninga var tekið mið af tengslum hópanna fjögurra. Söfn og safntengd starfsemi, menningarfulltrúar landshluta og markaðsstofur í ferðaþjónustu eru alla jafna á framfæri opinberra aðila eða hafa þjónustusamninga við sveitarfélög. Þeir ferðaþjónustuaðilar sem svöruðu könnuninni eru alla jafna einkaframtak og lúta þar af leiðandi eftirspurn markaðarins. Þeirra spurningalisti tók því fremur mið af því að kanna afstöðu til þeirrar þjónustu sem söfn veita og hvernig þau telji að bæta megi safntengda starfsemi þannig að hún þjóni betur þeim þörfum sem ferðaþjónustuaðilar telja sig þurfa að uppfylla í garð viðskiptavina sinna. Ekki er um eiginlegan samanburð á milli hópanna að ræða, heldur skoðað hvernig tengslum milli þeirra er háttað í reynd. Með því er átt við: hvernig þekkingu þeir aðilar sem taldir eru upp hér að ofan, hafa á safntengdri starfsemi og hvaða skilning þau leggja í gagnkvæma samvinnu, ábyrgðir og skyldur. Horft er einkum til samábyrgðar og heildrænna tengsla þeirra þátta sem hér koma fram. Tilgangurinn er þrátt fyrir allt að draga fram megin þætti sem telja má mikilvæga við árangursríka framkvæmd á safntengdri starfsemi í tengslum við ferðaþjónustu og varpa ljósi á stöðu og tækifæri til frekari þróunar á því sviði á Íslandi.

Sjö menningarfulltrúar landshluta skiluðu svörum, en sex markaðsfulltrúar. Könnunin var send rafrænt til 953 aðila á sviði ferðaþjónustu og svöruðu 92 aðilar. Könnunin var send til 180 safna, setra, sýninga, safnvísa, menningarhúsa og gestastofa og bárust 57 svör. Til einföldunar, er í umræðunni hér á eftir notast við safn, sem yfirheiti yfir söfn, setur, sýningar, safnvísa, menningarhús og gestastofur.

Menningarfulltrúar landshluta


Menningarfulltrúar eru starfsmenn menningarráða en hlutverk þeirra er að vinna að stefnumótun um menningarmál, hver fyrir sinn landshluta. Ennfremur að standa fyrir öflugum þróunarstarfi í menningarmálum og menningartengdri ferðaþjónustu, úthluta fjármagni til menningarverkefna og hafa eftirlit með framkvæmd þeirra. Í gildi eru menningarsamningar mennta- og menningarmálaráðuneytis og iðnaðarráðuneytis við samtök sveitarfélaga á Austurlandi, Norðurlandi eystra, Norðurlandi vestra, Suðurlandi, Suðurnesjum, Vestfjörðum og Vesturlandi. Meginmarkmið menningarsamninga eru að beina styrkveitingum ríkis og sveitarfélaga til menningarstarfs í einn farveg til að efla slíkt starf á hverju landssvæði og gera það sem sýnilegast. Starfrækt eru Menningarráð Austurlands, Menningarráð Eypings, Menningarráð Norðurlands vestra, Menningarráð Suðurlands, Menningarráð Suðurnesja, Menningarráð Vestfjarða og Menningarráð Vesturlands.

Lýðfræðilegar upplýsingar - staðsetning stofnana og menntun starfsfólks

Einn menningarfulltrúi úr hverjum landshluta svaraði könnuninni, fyrir utan Austurland þar sem tveir menningarfulltrúar skiluðu svörum og Norðurland eystra þar sem enginn menningarfulltrúi svaraði könnuninni. Allir, utan einn, voru með menntun á háskólastigi; langflestir framhaldsmenntun.

Samstarf


Þeir menningarfulltrúar sem svöruðu könnuninni eiga í samstarfi við söfn og virðist ekki teljanlegur munur á því hvort um er að ræða viðurkennt safn, setur sýningu, gestastofu eða menningarhús. Það vekur athygli að enginn menningarfulltrúi segist ekki eiga í neinu samstarfi við safntengda starfsemi. Þá er athyglisvert að enginn menningarfulltrúi sagðist heldur eiga í samstarfi við höfuðsafn. Það getur þó bæði átt sér landfræðilegar skýringar, en einnig gæti aðgengi og nálægð safna við annarskonar þjónustu við ferðafólk átt þátt í þessum skorti á samstarfi. Annarsvegar, voru þeir menningarfulltrúar sem svöruðu utan höfuðborgarsvæðisins þar sem tvö höfuðsafnanna; Listasafn Íslands og Þjóðminjasafnið eru með aðsetur. Hinsvegar, vantar eitt þeirra; Náttúruminjasafn Íslands. Aðeins einn menningarfulltrúi sagðist ramma samstarfið við safnasviðið inn með reglulegum mánaðarlegum fundum. Þar fyrir utan fundaði annar helmingur þeirra með forsvarsmönnum safna og safntengdrar starfsemi tvisvar til sex sinnum á ári, en hinn mun sjaldnar eða óreglulega.



Mynd 10 Hversu oft fundar þú að jafnaði með forsvarsmönnum safna og safntengdrar starfsemi?

Samskipti við starfsfólk safna virðist vera ein helsta uppspretta þekkingar menningarfulltrúa á söfn-um og málefnum þeirra. Þá sagðist helmingur menningarfulltrúa öðlast sína þekkingu í gegnum upplýsingar á heimasíðum safna. Þetta helst í hendur við upplýsingar um samstarf. Hinsvegar, mætti leiða líkum að því að þau samskipti fari ekki eingöngu fram á formlegum fundum, heldur eigi þau sér stað með óformlegri hætti, t.a.m. í tengslum við aðstoð við styrkumsóknir og heimsóknir á vegum félagasamtaka, líkt og fram kom í opnum svörum við spurninguna um fundi.

Klasasamstarf byggir á samvinnu stofnana eða fyrirtækja sem eru staðsett á sama svæði. Sem dæmi hafa þeir safnaklasar sem starfa á landinu meðal annars staðið sameiginlega að kynningarmálum, gefið út bæklinga um söfn á svæðinu og sameinast um viðburði. Hér ber að hafa í huga að þótt klasasamstarf sé algengt, þá er það ekki algilt. Svör menningarfulltrúanna um hvort þeirra starfsemi (menningarráð) eigi í klasasamstarfi við stofnanir eða fyrirtæki, gætu því markast af því hvort klasasamstarf er á þeirra svæði. Að því sögðu var nokkuð algengt að þær stofnanir sem menningarfulltrúarnir störfuðu fyrir ættu í samstarfi við klasa á sínu svæði. Algengast var að samstarf væri við söfn og safntengda starfsemi. Þá áttu tvær stofnanir í samstarfi við klasa ferðaþjónustufyrirtækja og ein stofnun átti í samstarfi við grasrótahóp á sviði ferðaþjónustu og menningar (undir annað).




Mynd 11 Á þín stofnun í klasasamstarfi við efirfarandi stofnanir eða fyrirtæki? Svarendur gátu valið fleiri en einn möguleika

Viðhorf menningarfulltrúa landshluta til hlutverks safna í ferðapjónustu

Til að meta áhrif safna á ferðapjónustu sögðust allir menningarfulltrúarnir sem svöruðu könnuninni hafa aðgang að stefnumótun á sviði menningarmála. Flestir, sögðust hafa aðgang að upplýsingum um meðal dvalartíma ferðafólks á svæðinu og margir töldu upplýsingar um þróun nýrra afurða, þjónustu og tækifæra, annarsvegar og fjölda heimsókna á söfn hinsvegar, aðgengilegar. Alls var spurt um tíu þætti og vekur athygli að upplýsingar voru ekki til staðar (eða menningarfulltrúarnir vissu ekki hvort þær væru til staðar) í sex tilfellum.


Stefnumótun á sviði menningarmála virtist vera sá flokkur upplýsinga sem allir menningarfulltrúar töldu vera til staðar á sinni stofnun. Hér er tvennt athyglisvert. Annarsvegar hve lítið samræmi virðist vera þegar kemur að þeim upplýsingum sem gert er ráð fyrir að séu notaðar til að meta m.a. áhrif safna á starfsemi innan ferðapjónustu, sem er vísbending um að ekki sé samræmi á milli landshluta í mati menningarfulltrúa á áhrifum safna á ferðapjónustu. Hinsvegar hve margir virtust ekki vita hvort þessar upplýsingar væru til staðar. Það vekur upp spurningar um hvort áhrif safna séu yfirhöfuð metin og hvernig þau séu þá metin. Út frá þessu má leiða líkum að því að málaflokkur safna og áhrif hans innan ferðapjónustu sé afskiptur eða byggi á gögnum sem aflað sé með óformlegum hætti.



Mynd 12 Hvaða upplýsingar eru til staðar fyrir þína stofnun til þess að meta áhrif safna og safntengdrar starfsemi á ferðapjónustu á þínu starfssvæði?

Allir menningarfulltrúarnir sem svöruðu í könnuninni töldu að söfn hefðu eitthvert vægi í ferðapjónustu. Allir töldu söfn, setur, sýningar, gestastofur og menningarhús hafa annaðhvort mjög mikið eða

frekar mikið vægi. Vert er að veita því athygli hve margir menningarfulltrúar telja sig ekki vita hvaða vægi safntengd starfsemi, önnur en viðurkennd söfn, hafi í ferðabjónustu þrátt fyrir að margir menningarfulltrúar og söfn miðli þekkingu innbyrðis.




Mynd 13 Hversu mikið eða lítið vægi telur þú að eftirfarandi stofnanir hafi í ferðabjónustu?

Allir menningarfulltrúarnir töldu mikilvægt að söfn ættu þátt í ferðabjónustu á þeirra svæði og töldu lang flestir það mjög mikilvægt. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra áleit að auka mætti þátttöku safna enn frekar með:


- » *Skipulagðri samvinnu við ferðabjónustuaðila*
- » *Bættum tengslum við þá sem selja ferðir til svæðisins*
- » *Þátttöku í svæðisbundnum ferðamálasamtökum*
- » *Taka þátt í vörupróun með ferðabjónustuaðilum*
- » *Frjósamari sýningargerð og fjölbreyttari sýningum*

Hvað varðar það hlutverk sem menningarfulltrúar telja að söfn eigi að gegna í ferðabjónustu álitu allir að þau væru staður til afla sögulegrar þekkingar á svæðinu. Þá töldu lang flestir að söfn ættu einnig að vera menningarleg afþreying, einstök upplifun og staður til að kynnast menningu svæðisins. Aðeins einn svaraði því til að söfn ættu að vera afdrep.



Mynd 14 Hvaða hlutverkum eiga söfn og safntengd starfsemi að gegna í ferðaþjónustu að þínu mati ?

Mikilvægi safna í ferðaþjónustu, að mati menningarfulltrúa, endurspeglast meðal annars í því að þau telja söfn geta verið áfangastaði og átt þar með þátt í að gera svæðið áhugaverðara og eftirsóknarverðara í hugum ferðalanga, auk þess að lengja dvalartíma þeirra. Allir menningarfulltrúarnir töldu að söfn gætu lagt sitt af mörkum til að skapa áfangastað í ferðaþjónustu. Þó taldi aðeins einn að söfn gætu beinlínis átt þátt í að auka fjölda ferðafólks á svæðinu. Þetta má túlka á þann hátt að í augum menningarfulltrúa séu söfn hliðarafurð eða viðbót; að svæðið yrði áhugaverðara fyrir tilstilli safna, en enginn myndi þó leggja leið sína þangað sérstaklega vegna þeirra. Þá töldu margir að söfn gætu átt þátt í að skapa sérhæfð störf. Auk þess kom fram í opnum svörum að söfn gætu lagt sitt af mörkum með því að bjóða upp á sýningar og viðburði þar sem gestir ættu kost á þátttöku. Ennfremur mátti finna í viðhorfum menningarfulltrúa hvatningu til Listasafns Íslands að setja upp sýningar á landsbyggðunum.⁵




Mynd 15 Hvað geta söfn og safntengd starfsemi lagt af mörkum nú og í framtíðinni hvað varðar þróun í ferðaþjónustu? Svarendur gátu valið fleiri en einn möguleika.

Af svörum við spurningunni um hvað söfn og safntengd starfsemi geti lagt af mörkum nú og í fram-

⁵ Í þessari umfjöllun verður notast við fleirtölumynd orðsins, þar sem aðstæður landshluta eru mismunandi.


tíðinni hvað varðar þróun í ferðþjónustu má ráða að söfn eigi að vera menningarleg afþreying, þar sem hægt er að kynnast menningu og sögu svæðisins (eða landsins) í formi einstakrar upplifunar. Töldu flestir að menningarminjasöfn vektu helst áhuga ferðafólks, sem og náttúruminjasöfn. Aðeins ríflega helmingur menningarfulltrúa taldi að listasöfn myndu helst vekja áhuga ferðafólks. Þá var nefnt að á söfnum ætti að vera kaffihús og aðstaða þar sem öll fjölskyldan gæti notið sín. Safnaheimsóknir virðast þar með hafa ákveðinn tilgang, en eins og svörin gefa til kynna þá eru söfn ekki, að mati flestra, afdrep: staður sem hægt er að koma á án þess að sérstakur tilgangur sé fyrir heimsókninni.

Þeir menningarfulltrúar sem svöruðu voru sammála um að hæfni og mannauður safna væri einn þeirra þátta sem þegar eru til staðar og styðja við ferðþjónustu á þeirra svæði. Þá töldu margir til dagskrá atburða sem framlag þeirra til þróunar í ferðþjónustu. Nokkrir menningarfulltrúar nefndu aðra þætti, svo sem opinbera ímynd safna (sjá mynd 16). Á heildina litið virðist sem talsvert vanti upp á að þættirnir í mynd 16 séu til staðar á söfnum eða að menningarfulltrúarnir telja þá ekki styðja við ferðþjónustu á svæðinu.



Mynd 16 Hvaða þættir í starfsemi safna og safntengdrar starfsemi telur þú að séu til staðar og styðji við ferðþjónustu á þínu svæði? Svarendur gátu valið fleiri en einn möguleika


Hvað varðar þjónustu safna töldu nær allir menningarfulltrúarnir að bæta mætti aðgengi, opnunartíma, aðstöðu og viðmót starfsfólks. Nær öllum fannst að hægt væri að gera úrbætur á aðgengi og opnunartíma. Þá taldi um helmingur að viðmóti starfsfólks væri úrbótavant, sem og safnbúðum.



Mynd 17 Hvaða atriði í þjónustu safna og safntengdrar starfsemi á þínu starfssvæði telur þú að megi bæta? Svarendur gátu valið fleiri en einn möguleika


Viðhorf menningarfulltrúa landshluta til samskipta safna við aðila í ferðapjónustu

Lang flestir menningarfulltrúar landshluta eru þeirrar skoðunar að efla þurfi tengsl ferðapjónustu við söfn.



Mynd 18 Hversu sammála eða ósammála ertu því að efla þurfi tengsl ferðapjónustu við söfn og safntengda starfsemi? Svarendur gátu valið fleiri en einn möguleika.

Samtímis því að flestir menningarfulltrúar telji að efla þurfi tengsl ferðapjónustu og safna, álíta þeir að söfn standi sig vel í að kynna ferðapjónustuaðilum starfsemi sína.



Mynd 19 Hversu vel eða illa telur þú að söfn og safntengd starfsemi standi sig í að kynna starfsemi sína fyrir aðilum í ferðaþjónustu á þínu starfsvæði?

Fæstar stofnanirnar, sem menningarfylltrúarnir svöruðu fyrir, höfðu þó gert sérstakt átak í því að kynna söfn fyrir ferðaþjónustuaðilum. Af sjö fulltrúum sem svöruðu höfðu aðeins tveir vitneskju um að slíkt verið gert. Af þeim tveimur aðilum sem sögðust vita af sérstöku átaki til að kynna söfn, sagði annar að stuðningurinn hefði verið bæði faglegur og fjárhagslegur en hinn, að um hefði verið að ræða bæklinga. Ekki er lögð áhersla á kynningu þeirra safna sem eru viðurkennd samkvæmt safnalögum (nr.141/2011). Aðeins tveir menningafulltrúar sögðu að slíkar áherslur væri að finna í þeirra starfi.

Markaðsstofur í ferðapjónustu


Á undanförunum misserum hefur eitt mikilvægasta verkefni ferðamálasamtaka í hverjum landshluta verið að koma markaðsstofu á laggirnar. Markaðsstofur hafa verið settar á fót í öllum landshlutum, en uppbygging þeirra er ólík milli landshluta. Markaðsstofur landshlutanna eru sjö talsins, á Vesturlandi, Vestfirðum, Norðurlandi, Austurlandi, Suðurnesjum, Suðurlandi og á Höfuðborgarsvæðinu (Höfuðborgarstofa). Markaðsstofurnar vinna markvisst að heildrænni markaðssetningu hvers landshluta fyrir sig með megináherslu á ferðamál.⁶ Hlutverk þeirra er að samræma markaðs- og kynningarmál í ferðapjónustu, sjá um útgáfumál, móttöku blaðamanna ásamt beinni markaðssetningu og vörupróun í ferðapjónustu. Markaðsskrifstofurnar starfa í samvinnu við fyrirtæki í greininni, ferðamálasamtök, atvinnuþróunarfélög og fl. Sums staðar eru markaðsstofurnar reknar í nánum tengslum við upplýsingamiðstöðvar⁷.

Lýðfræðilegar upplýsingar - staðsetning stofnana og menntun starfsfólks

Alls svöruðu sex markaðsstofur könnuninni; einn úr hverjum landshluta, fyrir utan Austurland, þar sem engin frá Markaðsstofu Austurlands svaraði könnuninni. Á hverri markaðsstofu fyrir sig störfuðu á bilinu einn til tíu einstaklingar.

Samstarf

Þær markaðsstofur sem svöruðu könnuninni eiga í samstarfi við söfn og virðist ekki teljanlegur munur á því hvort um er að ræða viðurkennt safn, setur sýningu, gestastofu eða menningarhús. Það samstarf á sér stað með fundum sem fara fram tvisvar sinnum á ári eða sjaldnar. Aðeins einn aðili sagðist eiga vikulega fundi með söfnum. Þrír starfsmenn markaðsstofa sögðust eiga í samstarfi við höfuðsafn.




Mynd 20 Hversu oft fundar þú að jafnaði með forsvarsmönnum safna og safntengdrar starfsemi?

6 <http://www.ferdamalasamtok.is/markadsstofur>

7 <http://www.ferdamalastofa.is/is/samstarf-og-markadir/innlent-samstarf/samtok-og-stofnanir>

Allt starfsfólk markaðsstofanna sagðist afla sér þekkingar á starfsemi safna með samskiptum við starfsfólk þess. Að auki byggðu lang flestir þekkingu sína einnig á heimasíðum safnanna. Ekki er hægt að sjá af svörum markaðsskrifstofanna að önnur samskipti eigi sér stað en þau sem fari fram á þeim fundum, sem í lang flestum tilfellum eru haldnir tvisvar ár hvert og jafnvel sjaldnar. Hinsvegar er ekki heldur hægt að útiloka það.

Mjög algengt er að markaðsstofur eigi í klasasamstarfi og er töluverður munur á slíku samstarfi miðað við menningarfulltrúa landshluta, sem margir virtust ekki taka þátt í slíku samstarfi (sjá umfjöllun í kaflanum hér að undan). Nær enginn munur er á því við hverskonar klasa markaðsstofurnar eiga samvinnu. Hér ber að geta að þótt spurt sé um klasasamstarf þá eru fyrirtæki eða þjónustuaðilar nefndir sem svarmöguleikar, en ekki klasar (t.d. safnaklasar). Því er hér bæði verið að vísa til klasa og óskipulagðra hópa fyrirtækja.




Mynd 21 Á þín markaðstofa í klasasamstarfi við eftirfarandi stofnanir eða fyrirtæki? Svarendur gátu valið fleiri en einn möguleika.

Viðhorf starfsfólks markaðsstofa til hlutverks safna í ferðaþjónustu


Markaðsstofurnar voru beðnar um að meta áhrif safna á ferðaþjónustu út frá sínu sjónarhorni. Í því samhengi var kannað hvort og þá hvaða gögn lægju til grundvallar slíku mati, t.d. tölfræðilegar upplýsingar. Hér vekur athygli að margar markaðsstofur virtust hafa aðgang að upplýsingum um fjölda heimsókna á söfn og þróun nýrra menningarviðburða. Þá taldi um helmingur að hægt væri að nálgast upplýsingar um meðallengd dvalartíma ferðafólks og stefnumótun á sviði menningarmála.

Í samanburði við menningarfulltrúa landshluta er aðallega tvennt sem vekur athygli hér. Í fyrsta lagi, að markaðsfulltrúar virðast í mun fleiri tilfellum en menningarfulltrúar vita hvort þær upplýsingar sem voru tilgreindar (sem gagnlegt efni sem gæti nýst við mat á áhrifum safna) séu til staðar svo þeirra stofnun geti metið þessi áhrif, eða ekki. Í öðru lagi, ef gert er ráð fyrir að um opinberar upplýsingar er að ræða, þá birtist misræmi á milli þessara tveggja aðila. Sex menningarfulltrúar (af sjö) sögðu að upplýsingar um meðallengd dvalartíma ferðafólks væru til staðar fyrir sína stofnun, en aðeins þrír frá markaðsstofum (af sex). Ennfremur sögðu allir menningarfulltrúarnir að stefnumótun á sviði menningarmála væru upplýsingar sem væru til staðar, en aðeins helmingur (þrír af sex) frá markaðsstofum. Vitneskja um upplýsingar um fjölda heimsókna á söfn og þróun nýrra menningarviðburða virðist nokkuð jöfn. Þetta vekur upp spurningar um hvaða upplýsingar eru til staðar, með hvaða hætti þær flæði á milli aðila og hvernig samstarfi á milli stofnana sem (a.m.k. að hluta) starfa á sama sviði er háttáð.




Mynd 22 Hvaða upplýsingar eru til staðar fyrir þína markaðsstofu til þess að meta áhrif safna og safntengdrar starfsemi á ferðaþjónustu á þínu starfssvæði? Svarendur gátu valið fleiri en einn möguleika.

Þær markaðsstofur sem svöruðu könnuninni töldu allar að söfn hefðu mikið eða frekar mikið vægi í ferðþjónustu.



Mynd 23 Hversu mikið eða lítið vægi telur þú að eftirfarandi stofnanir hafi í ferðþjónustu?

Allar markaðsstofurnar töldu það mjög mikilvægt að söfn ættu þátt í ferðþjónustu á þeirra svæði. Líkt og svör menningarfulltrúa vekur viðhorf markaðsfulltrúa upp spurningar um hvort þær upplýsingar sem liggja til grundvallar matinu tengist, á einhvern hátt, samstarfi þeirra við söfn og safntengda starfsemi, og hvort um sjálfstætt mat þeirra sé að ræða. Hinsvegar töldu fleiri að söfn stæðu frekar illa að vígi til að taka við vexti í ferðþjónustu, en að þau stæðu frekar vel.




Mynd 24 Telur þú að söfn og safntengd starfsemi standi almennt vel eða illa að vígi hvað varðar að taka við vexti í ferðaþjónustu ?

Allar markaðsstofurnar töldu að auka mætti þátttöku safna í ferðaþjónustu, m.a. með:


- » *Koma betur til móts við þarfir ferðafólks með því að breyta sýningum og bæta þær, auk þess að próa sýningar í „takt við tíðarandann“*
- » *Einbeita sér betur að skemmtanagildi og upplifun ferðafólks, annarra en „allra hörðustu áhugamanna“*
- » *Auknu samstarfi og markaðssetningu*
- » *Þróast og taka enn betur á móti gestum*
- » *Tengja sýningar um náttúru enn betur því sem ferðafólk sækist eftir*
- » *Að söfn skilgreini sig sem hluta af ferðaþjónustu*
- » *Að kynningarefni safna sé á fleiri tungumálum en ensku*
- » *Vera með aðgengilegt efni á vefniðlum, t.a.m. um sýningar, opnunartíma o.þ.h.*
- » *Gerast samstarfsaðilar markaðsstofanna og auka þannig aðgengi að því efni sem þær gefa út*

Markaðsstofurnar töldu að menningarleg afþreying, einstök upplifun, og staður til að kynna sögu og menningu svæðisins væru þau hlutverk sem söfn ættu að hafa gagnvart ferðaþjónustu á sínum svæðum. Aðeins einn aðili taldi að söfn ættu að vera afdrep. Þessi viðhorf eru samhljóma viðhorfi menningarfulltrúa.




Mynd 25 Hvaða hlutverkum eiga söfn og safntengd starfsemi að gegna í ferðaþjónustu að þínu mati? Súlvritið sýnir fjölda svaraenda, en merkja mátti við fleiri en eina tegund safna.

Fulltrúar markaðsstofanna voru einhuga um að söfn gætu lagt sitt af mörkum til þróunar í ferðaþjónustu, og áleit helmingur þeirra að þau gætu beinlínis átt þátt í að auka fjölda ferðafólks á svæðinu. Í opnum svörum kom meðal annars fram að söfn séu „með ýmsum hætti það sem heldur utan um menningu, sem er eftirsótt”. Eins og fram kom hér að ofan taldi aðeins einn menningarfulltrúi (af sjö) að söfn gætu haft áhrif til fjölgunar ferðafólks. Allir fulltrúar markaðsstofanna telja að söfn geti skapað áfangastað í ferðaþjónustu sem er vísbending umað söfn séu álitin viðbót við þá þjónustu sem þegar er til staðar fremur en að vera sérstakt aðdráttarafl. Að mati lang flestra menningarfulltrúanna gætu söfn átt þátt í að styrkja innviði svæðanna með því að skapa sérhæfð störf.




Mynd 26 Hvað geta söfn og safntengd starfsemi lagt af mörkum nú og í framtíðinni hvað varðar þróun í ferðaþjónustu?

Þær markaðsstofur sem svöruðu voru sammála um að dagskrá viðburða á söfnum, hæft starfsfólk, og opinber ímynd safna væru þættir sem nú þegar væru til staðar og styddu við ferðaþjónustu. Þá töldu lang flestar markaðsstofur að samstarf safna við skapandi greinar á hverju svæði fyrir sig væri fyrir hendi og hefði jákvæð áhrif á sviði ferðaþjónustu. Það er nokkuð annað viðhorf en menningarfulltrúa sem telja, að slíkt samstarf sé annaðhvort ekki til staðar eða veiti ferðaþjónustu lítinn stuðning.




Mynd 27 Hvaða þættir í starfsemi safna og safntengdrar starfsemi telur þú að séu til staðar og styðji við ferðaþjónustu á svæði þinnar markaðsstofu ?

Helmingur markaðsfulltrúa taldi að söfn stæðu annað hvort vel eða mjög vel að vígi þegar kemur að eftirspurn ferðafólks eftir menningarlegri upplifun. Það sem helst vekur athygli er að helmingur þeirra töldu sig ekki vita hvernig þau stæðu. Ef afstaða þeirra er skoðuð í ljósi þess að allir markaðsfulltrúarnir töldu að söfn hafi mikið vægi í ferðaþjónustu og að hlutverk sé að vera staður þar sem ferðafólk hefði tök á að kynnst menningu staðarins, má leiða líkum að því að söfn séu ekki að sinna því hlutverki nægilega vel að mati markaðsskrifstofanna. Samstarf safna við skapandi greinar virðist ennfremur ekki hafa mikið vægi í þessu samhengi. Markaðsstofurnar telja allar að bæta þurfi opnunartíma safna. Ennfremur telur helmingur þeirra að gera megi ferðafólki auðveldara að finna söfn. Þegar kemur að sýningum safna og miðlunarleiðum, þá töldu flestar markaðsstofur að auka þyrfti gæði sýninga sem og skemmtanagildi. Þá var bent á það að bæta mætti framsetningu safna og sköpun á upplifun fyrir ferðafólk. Aðeins ein markaðsstofa taldi að bæta mætti fjölda tungumála á sýningartextum.



Mynd 28 Hvaða atriði í þjónustu safna og safntengdrar starfsemi á þínu starfssvæði telur þú að megi bæta ?




Mynd 29 Hvaða atriði í miðlun og sýningum safna og safntengdrar starfsemi á þínu starfssvæði telur þú að megi bæta ?

Viðhorf starfsfólks markaðsstofa til samskipta safna við aðila í ferðaþjónustu


Fæstar stofnanirnar, sem menningarfulltrúarnir svöruðu fyrir, höfðu þó gert sérstakt átak í því að kynna söfn fyrir ferðaþjónustuaðilum. Af sjö fulltrúum sem svöruðu höfðu aðeins tveir vitneskju um slíkt. Af þeim tveimur aðilum sem sögðust vita af slíkum stuðningi sagði annar að hann hefði verið bæði faglegur og fjárhagslegur en hinn, að um hefði verið að ræða bæklinga.

Flestar markaðsstofurnar (fjórar) sögðu að sérstök áhersla væri lögð á tengja saman aðila í ferðaþjónustu og söfn sem hlotið hafa viðurkenningu safnaráðs. Sama hlutfall markaðsstofa hafði verið boðið, af hálfu safna, til kynningar á starfsemi þeirra. Ekki virðist teljanlegur munur á því hvort viðurkennd söfn, setur, sýningar, gestastofur eða menningarhús sendu út slík boð. Aðeins tveir menningafulltrúar sögðu að slíkar áherslur væri að finna í þeirra starfi.



Mynd 30 Hversu sammála eða ósammála ertu því að efla þurfi tengsl ferðaþjónustu við söfn og safntengda starfsemi ?

Í opnum svörum kom fram að kynning á starfsemi safna færi m.a. fram með þátttöku í sérstökum kynningardögum, fræðslu til ferðaskrifstofa og blaðamanna, auk kynningu á vefsíðum. Hvað varðar frekari kynningu á starfsemi þeirra safna sem eru á svæði markaðsstofanna má greina skiptar skoðanir. Helmingur markaðsstofanna taldi að slíkar kynningar mætti auka, en helmingur var því ósammála.



Mynd 31 Hversu vel eða illa telur þú að söfn og safntengd starfsemi standi sig í að kynna starfsemi sína fyrir aðilum í ferðaþjónustu á þínu starfsvæði ?

Ferðapjónustuaðilar


Með ferðapjónustuaðilar er átt við ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur, samkvæmt leyfisveitingum Ferðamálastofu. Um er að ræða fyrirtæki og stofnanir sem hafa leyfi til að bjóða upp á skipulagða afþreyingu og ferðir af öllu tagi, hvort heldur er stuttar eða langar. Í þessum hópi eru einnig ferðapjónustuaðilar sem bjóða upp á sérhæfða afþreyingu svo sem norðurljósaferðir, jeppaferðir og siglingar. Í fámennum byggðarlögum er stundum um blandaða starfsemi að ræða, sami leyfishafi er með gistipjónustu og skipulagða afþreyingu. Könnunin var send til 953 aðila og 92 ferðapjónustuaðilar svöruðu könnuninni. Lágst svarhlutfall þýðir að svörin í þessari könnun endurspeglu ekki skoðanir allra ferðapjónustuaðila, enda er tekið mið af því í túlkun þessara gagna og einungis talað um þann hóp sem svaraði könnuninni.

Staðsetning starfsstöðva, starfssvæði og menntun starfsfólks

Hér er gert ráð fyrir því að allir þeir aðilar sem voru spurðir í þessari könnun veiti – beint eða óbeint – þjónustu sem mögulega gæti falið í sér að leita til safna eða safntengdrar starfsemi. Gengið er út frá því að ekki sé hægt að gera ráð fyrir að sú þjónusta sem hinir margvíslegu aðilar innan ferðapjónustu veiti ferðafólki sé jafn afmörkuð og starfsemi þeirra gefi til kynna, t.a.m þarf að gera ráð fyrir að þeir aðilar sem sinni gistingu og leigi út farartæki, veiti einnig þjónustu sem snýr að beina ferðafólki að markverðum áfangastöðum, fræðslu og afþreyingu.


Flest þeirra sem svöruðu könnuninni, eða sex af hverjum tíu, höfðu lokið menntun á háskólastigi (grunn- eða framhaldsgráðu). Að öðru leyti hafði starfsfólk starfsstöðvanna (bæði þeirra sem svöruðu og á heildina litið) nokkuð fjölbreytt menntunarstig. Stærð starfsstöðvanna var nokkuð mismunandi, allt frá einum starfsmanni upp í 75 starfsmenn, og nokkuð margir tóku fram í opnum svörum að starfsmannafjöldi væri árstíðabundinn og/eða bundinn við fjölda ferðafólks á landinu hverju sinni.

Starfsstöðvar ferðapjónustuaðilanna voru flestar á höfuðborgarsvæðinu, eða ríflega fjórar af hverjum tíu. Tvær af hverjum tíu voru á Norðurlandi eystra, en fæstar starfsstöðvar voru á Austurlandi, eða tvær af hverjum hundrað. Hér gátu svarendur merkt við fleiri en einn möguleika. Því eru svörin ekki einangruð og gefa t.d. til kynna að starfsstöð sé annað hvort á höfuðborgarsvæðinu eða á Suðurlandi. Þannig virðast þeir aðilar sem eru með starfsstöðvar á höfuðborgarsvæðinu einnig vera með starfsstöðvar í öðrum landshlutum nema á Austurlandi og Norðurlandi vestra. Starfsstöðvar á Austurlandi eru einskorðaðar við þann landshluta og starfsstöðvar á Norðurlandi vestra eru einnig á Norðurlandi eystra.




Mynd 32 Hvar á landinu er starfsstöð þinnar ferðaþjónustu? Svarendur gátu valið fleiri en einn möguleika.

Þegar skoðað er hversu margir aðilar þjónusta hvert svæði landsins kemur í ljós að meira en helmingur þeirra sem svaraði sagði að þeirra starfsstöðvar þjónustuðu höfuðborgarsvæðið, Norðurland eystra og Suðurland. Fæstir, eða um þriðjungur þeirra sem svaraði sagði starfsstöð sína þjónusta Vestfirði og Austurland. Þegar svör um staðsetningu starfsstöðva voru greind með tilliti til þess svæðis sem þjónustan nær til kom í ljós að starfsstöðvar á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni þess voru umfangsmeiri en þær sem eru á landsbyggðunum. Í mun fleiri tilfellum náði þjónusta starfsstöðva höfuðborgarsvæðisins til allra eða flestra svæða á landinu. Svipaða sögu var að segja um starfsstöðvar á Suðurnesjum. Annarsstaðar á landinu einskorðaðist þjónusta starfsstöðvanna að mestu við nánasta umhverfi þeirra eða nærliggjandi umhverfi. Hér þarf að hafa í huga að í hópi ferðaþjónustuaðila eru einingar sem veita mjög mismunandi þjónustu til ferðafólks.



Mynd 33 Yfir hversu stórt svæði nær þjónusta þíns fyrirtækis? Svarendur gátu valið fleiri en einn möguleika.


Flestir ferðapjónustuaðilarnir sem svöruðu könnuninni (83%) sögðu að markmið þjónustu þeirra væri að veita ferðafólki einstaka upplifun. Nokkuð færri sögðu að markmið þeirra fælist í kynningu á menningu og sögu landsins. Nær fjórir af hverjum tíu sögðu að markmið þeirra væri að veita ferðafólki menningarlega afþreyingu. Í opnum svörum kom berlega í ljós áhersla á náttúru Íslands og útivist, en einnig var áberandi þar að markmið sumra ferðapjónustuaðila eru ekki forvirk, heldur eru þau viðbrögð við þörfum og væntingum ferðafólksins. Þannig telja sumir ferðapjónustuaðilar það eitt af sínum megin markmiðum „að veita þá þjónustu sem kúnninn vill“.



Mynd 34 Hvert er markmið þeirrar þjónustu sem þú veitir sem ferðapjónustuaðili?
Svarendum gafst kostur á að merkja við fleiri en einn möguleika.

Staða og hlutverk safna í þjónustu við ferðafólk

Rétt um 4% leituðu eftir þjónustu hjá fleiri en tíu söfnum, en um tuttugu og tveir af hverjum hundrað leituðu ekki eftir þjónustu neinna safna allt starfsárið 2014. Nær helmingur þeirra ferðapjónustuaðila sem svöruðu könnuninni leituðu til færri en sex safna (og safntengdrar starfsemi) þegar kom að þjónustu við ferðafólk árið 2014.




Mynd 35 Hversu mörgum söfnum og safntengdri starfsemi leitaði þitt fyrirtæki eftir þjónustu hjá, á árinu 2014?

Þau viðurkenndu söfn sem aðilar í ferðaþjónustu leituðu helst til eru: Hvalasafnið á Húsavík og Byggðasafnið í Skógum, en þessi söfn höfðu nokkra yfirburði sem áfangastaður og leituðu um helmingi fleiri ferðaþjónustuaðilar til þeirra. Þá leituðu margir ferðaþjónustuaðilar til Borgarsögusafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur, Síldarminjasafnsins á Siglufirði og Gljúfrasteins. Hér kemur í ljós áhugavert mynstur sem vekur upp spurningar um landfræðilegt aðgengi, en einnig það aðgengi sem byggir á því hvernig einstök söfn „ná inn á radar“ einstaka ferðaþjónustuaðila á meðan önnur gera það alls ekki.


Landfræðilegt aðgengi

Þegar skoðað var hvort samband væri á milli staðsetninga starfsstöðva og þess hvaða söfn ferðaþjónustuaðilar leituðu helst til þarf að hafa í huga að ekki er hægt að einangra breytuna „ferðaþjónustuaðilar“ alfarið þar sem sumir þeirra reka starfsstöðvar á fleiri en einum stað á landinu. Engu að síður mátti greina tilhneigingu til þess að starfsstöðvar leituðu til safna í heimabyggð, t.a.m. leita starfsstöðvar á Vestfjörðum eftir þjónustu hjá Byggðasafni Vestfjarða og starfsstöðvar á Norðurlandi eystra leituðu til Minjasafnsins á Akureyri, Flugsafnsins og Iðnaðarsafnsins á Akureyri. Þetta gerðu starfsstöðvar á höfuðborgarsvæðinu einnig en þær leituðu m.a. eftir þjónustu til Hönnunarsafns Íslands, Listasafns Reykjavíkur og Grasagarðs Reykjavíkur, auk a.m.k. átta annarra safna í Reykjavík eða nágrenni hennar, sem ekki var leitað til á vegum starfsstöðva annarsstaðar á landinu. Hinsvegar, virðist sem ferðaþjónustuaðilar með starfsstöðvar á höfuðborgarsvæðinu – en þjónusta þeirra nær í allmörgum tilfellum yfir allt landið – leiti miklum mun oftast til Byggðasafnsins í Skógum og Hvalasafnsins á Húsavík en annarra safna á landsbyggðunum. Í grófum dráttum virðast ferðaþjónustuaðilar með starfsstöðvar á landsbyggðunum leita eftir þjónustu safna í næsta nágrenni. Hinsvegar leiti starfsstöðvar á höfuðborgarsvæðinu eftir þjónustu nokkuð margra og fjölbreyttra safna í næsta nágrenni (ekki meira en 60 mín. akstursfjarlægð), en þegar á landsbyggðirnar er komið leiti þau aðallega til tveggja safna; Hvalasafnsins og Byggðasafnsins í Skógum. Þá er athyglisvert að starfsstöðvar á landsbyggðunum eru fleiri en á höfuðborgarsvæðinu – en samt sem áður leita starfsstöðvar á höfuðborgarsvæðinu til nær fjórðungi fleiri safna en starfsstöðvar á landsbyggðunum.




Mynd 36 Hjá hvaða viðurkenndu söfnum leitaði þitt fyrirtæki eftir þjónustu á árinu 2014? (Myndin sýnir þau söfn sem helst voru heimsótt)

Gott viðmót starfsfólks er sá þáttur í starfsemi safna og safntengdra stofnana sem helst gerir þær að ákjósanlegum áfangastöðum, að mati þeirra ferðabjónustuaðila sem svöruðu. Ennfremur sveigjanlegur opnunartími og nálægð við náttúruperlur. Í opnum svörum kom fram eindregin ósk um að söfn lögðu opnunartíma sinn betur að því sem hentaði ferðabjónustuaðilunum. Sem dæmi komu fram óskir um „kvöldopnun, þar sem okkar hópar eru gjarnan í dagsferðum á daginn, fara svo í kvöldverð en vantar afþreyingu síðar um kvöldið,“. Þá kom einnig fram að safnaheimsóknir eru ekki endilega að undirlagi ferðabjónustuaðilanna, heldur háðar óskum viðskiptavina þeirra, því sem „kúnninn vill“. Hér er þó rétt að hafa í huga að óskir viðskiptavina hljóta að markast af þeim upplýsingum sem þeir hafa fengið, m.a. í gegnum beina og óbeina markaðssetningu.




Mynd 37 Hvaða eftirfarandi þættir í starfsemi safna og safntengdra stofnana gera þér að ákjósanlegum áfangastöðum að þínu mati? Svarendum gafst kostur á að merkja við fleiri en einn möguleika.

Algengast var að ekkert safn væri heimsótt í hópferðum á vegum ferðaðjónustuaðila, eins og kom fram í þriðjungnum svara. Ríflega fjórir af hverjum tíu ferðaðjónustuaðilum sögðu að á bilinu eitt til þrjú söfn væru heimsótt í hverri hópferð á þeirra vegum, en einn af hverjum tíu sagði að fleiri en þrjú söfn væru heimsótt í hverri hópferð. Flestar heimsóknirnar (55%) voru í klukkustund eða skemur og fólust í skipulagðri leiðsögn um safn, annaðhvort á vegum ferðaðjónustuaðila eða safns. Engu að síður töldu þeir ferðaðjónustuaðilar sem svöruðu könnuninni að söfn og safntengd starfsemi hefði mjög eða frekar mikið vægi í ferðaðjónustu. Enginn teljandi munur var á milli viðurkenndra, safna, setra, sýninga eða gestastofa.




Mynd 38 Hversu mikið eða lítið vægi telur þú að eftirfarandi stofnanir hafi í ferðapjónustu?

Ferðapjónustuaðilar virðast vera nokkuð sammála markaðsstofum og menningarfulltrúum um hvers konar söfn veki helst áhuga ferðafólks. Ekki er mikill munur á því hvort þessir aðilar telji að menningarminjasöfn eða náttúruminjasöfn veki helst áhuga ferðafólks, þótt menningarminjasöfn hafi verið nefnd í fleiri tilfellum. Nokkuð færri telja, hinsvegar, að listasöfn veki áhuga ferðafólks. Að mati ferðapjónustuaðila eiga söfn og safntengd starfsemi að vera staður þar sem ferðafólk á þess kost að kynnst menningu og sögu svæðisins eða landsins alls. Ennfremur taldi meira en helmingur ferðapjónustuaðila að auk þess ættu söfn að vera menningarleg afþreying og veita ferðafólki einstaka upplifun.




Mynd 39 Hvaða hlutverki eiga söfn og safntengd starfsemi að gegna í ferðabjónustu að þínu mati? Svarendur gátu merkt við fleiri en einn kost.

Flestir aðilar innan ferðabjónustu álitu að söfn gætu lagt sitt af mörkum til þróunar í ferðabjónustu með því að skapa áfangastað eða 81,5%. Meira en helmingur taldi söfn geta skapað sérhæfð störf og meira en þriðjungur að þau gætu átt sinn þátt í að auka fjölda ferðafólks.




Mynd 40 Hvað geta söfn og safntengd starfsemi lagt af mörkum hvað varðar þróun í ferðabjónustu? Svarendur gátu valið fleiri en einn möguleika.

Þær upplýsingar sem aðilar í ferðabjónustu hafa yfir að ráða til að leggja mat á áhrif safna á ferðabjónustu eru aðallega upplýsingar um meðallengd dvalartíma ferðafólks á svæðinu, fjöldi heimsóknna á söfn, þróun nýrra menningarviðburða og stefnumótanir á sviði menningarmála. Líkt og í umfjöllun um menningarfulltrúa og markaðsstofur segjast sex af hverjum tíu eða fleiri ekki vita hvort þær upplýsingar sem spurt er um séu til staðar.




Mynd 41 Vinsamlega merktu við þær upplýsingar sem eru staðar fyrir þitt fyrirtæki til þess að meta áhrif safna og safntengdrar starfsemi á ferðapjónustu á þínu starfssvæði?

Tæplega tveir þriðju þeirra ferðapjónustuaðila sem svöruðu könnuninni töldu að hæfni og mannaúur safna styddi við ferðapjónustu á svæðinu. Tæplega helmingur taldi að slíkan stuðning mætti finna með samstarfi safna við skapandi greinar. Þá töldu milli fjórir og fimm af hverjum tíu, til stuðningsþjónustu á söfnum t.d. kaffihús, fjölbreytni í miðlun og sýningum og þjálfun starfsfólks í gestamóttöku.




Mynd 42 Vinsamlega merktu við þá þætti í starfsemi safna og safntengdrar starfsemi sem þú telur styðja við ferðapjónustu á svæði þíns fyrirtækis? Svarendur áttu þess kost að merkja við fleiri en einn möguleika.

Af þeim ferðapjónustuaðilum sem töldu sig vita hvernig hvernig söfn væru í stakk búin til að taka á móti ferðafólki, álitu flestir að söfn stæðu mjög eða frekar vel að vígi þegar kom að safnverslunum, aðgengi með tilliti til vegakerfis, móttöku hópa, upplýsingaveitu, leiðsagna og bílastæða. Minna en helmingur þeirra sem svaraði taldi, hinsvegar að söfn væru illa í stakk búin til að taka á móti ferðafólki þegar kæmi að aðgengi fyrir fatlaða, veitingaaðstöðu og hvíldarsvæði.



Mynd 43 Hversu vel eða illa telur þú að söfn og stofnanir sem flokkast undir safntengda starfsemi séu í stakk búin til þess að taka á móti ferðamönnum hvað varðar eftirfarandi atriði í þjónustu og aðgengi?

Helmingur þeirra ferðabjónustuaðila sem svörðu töldu að bæta mætti gæði sýninga og rétt tæplega helmingur taldi að sýningartextar mættu vera á fleiri tungumálum. Þá taldi rúmlega þriðjungur ferðabjónustuaðila að söfn mættu auka skemmtana og fræðslugildi sitt. Hér er rétt að taka fram að svarendur máttu merkja við fleiri en einn möguleika, en að meðaltali merkti hver aðili við ríflega tvo þætti sem söfn mættu bæta úr.




Mynd 44 Hvaða atriði í miðlun og sýningum safna og safntengdrar starfsemi á þínu starfsvæði telur þú að megi bæta?

Vetrarferðir


Vegna átaks á undanförunum misserum í landkynningu á Íslandi sem ferðamannastaður allt árið, var spurt sérstaklega út í vetrarferðir. Lang flestir ferðaðþjónustuaðilarnir, eða ríflega átta af hverjum tíu, töldu sig mjög eða frekar vel í stakk búna til að sinna ferðaðþjónustu að vetri til. Það sem helst stæði í vegi fyrir þjónustu við ferðafólk á þessum árstíma töldu þeir veðurfar og ófærð sem því fylgdi t.a.m. á fjallvegum, en í því samhengi var tekið fram að innviðir, svo sem eins og þjónustu Vegagerðarinnar, væri ábótavant. Einnig nefndu nokkrir ferðaðþjónustuaðilar fjárskort sem hindrun fyrir þátttöku í auknum áherslum á vetrarferðamennsku.

Samskipti og tengsl

Sex til sjö af hverjum tíu ferðaðþjónustuaðilum telja að efla þurfi tengsl safna og safntengdrar starfsemi við ferðaðþjónustu. Nokkuð fleiri ferðaðþjónustuaðilar eru frekar eða mjög sammála því að efla þurfi tengsl ferðaðþjónustu við viðurkennd söfn, en annars konar safntengda starfsemi. Það sem vekuref til vill mesta athygli er hve margir telja sig ekki vita (eða hafa ekki myndað sér skoðun á því) hvort þessi tengsl þurfi að efla yfir höfuð eða allt að tveir af hverjum tíu ferðaðþjónustuaðilum. Margir ferðaðþjónustuaðilar telja þó að söfn standi sig mjög eða frekar vel í því að kynna starfsemi sína fyrir þeim og öðrum aðilum í ferðaðþjónustu á sama svæði. Hinsvegar telur um þriðjungur eða fleiri að söfn standi sig frekar eða mjög illa á þessu sviði. Að sögn svarenda höfðu 24% safna boðið starfsmönnum þeirra fyrirtækis til kynningar á starfseminni. Tæplega tveir þriðju svarenda (65%) svöruðu því til að starfsfólk fyrirtækisins aflaði sér þekkingar á starfsemi safna í gegnum heimasíður þeirra og um helmingur með samskiptum við starfsfólk. Í opnum svörum kom fram að upplýsinga var einnig aflað með heimsóknnum á söfn eða í gegnum persónuleg tengsl við starfsfólk safna.



Mynd 45 Hversu sammála eða ósammála ertu því að efla þurfi tengsl ferðaþjónustu við söfn og safntengda starfsemi?




Mynd 46 Hversu vel telur þú að söfn og safntengd starfsemi standi sig í að kynna starfsemi sína fyrir aðilum í ferðaþjónustu á þínu starfsvæði?

Söfn og safntengd starfsemi

Könnunin var send til 180 safna og annarra stofnana sem flokkast undir safntengda starfsemi (setur, sýningar, safnvísar) sem skilgreind eru í safnalögum nr. 141/2011. Einnig var könnin send menningarhúsum og gestastofum, en þar er boðið upp á safntengda starfsemi s.s. eins og sýningar. Eins og áður er til einföldunar notast við yfirheitið safn í umræðunni, um þá aðila sem svöruðu könnuninni. Alls svöruðu 57 aðilar könnuninni.


Staðsetning starfsstöðva, starfssvæði og menntun starfsfólks

Flest starfsfólk safnanna, að meðtöldum þeim sem svöruðu í könnuninni, höfðu lokið prófi á háskólastigi. Algengast var að þau sem svöruðu könnuninni gerðu það m.a. á vegum viðurkennds safns eða höfuðsafns, eða tveir þriðju hlutar svarenda. Nær helmingi færri svöruðu m.a. á vegum sýningar, en fæstir svöruðu m.a. á vegum setra. Um fjórðungur viðurkenndra safna skilgreindu starfsemi sína einnig sem sýningu og/ eða menningarhús. Flest þeirra viðurkenndu safna sem tóku þátt í könnuninni eru á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi eystra. Í báðum þessum landshlutum er að finna flest viðurkennd söfn eða tólf á höfuðborgarsvæðinu og sex á Norðurlandi eystra. Fæst viðurkennd söfn eru á Suðurnesjum og Vestfjörðum eða þrjú í hvorum landshluta, fimm eru bæði á Norðurlandi vestra og á Vesturlandi. Á Austurlandi og á Suðurlandi eru fjögur í hvorum landshluta fyrir sig.



Mynd 47 Hvað af eftirfarandi á við um starfsemi þinnar stofnunar?
Svarendum gafst kostur á að merkja við fleiri en einn möguleika.

Flestar þær stofnanir sem svöruðu könnuninni voru á Norðurlandi eystra, á höfuðborgarsvæðinu, eða Suðurlandi. Fæstar voru á Vestfjörðum eða tvær af 57 starfseiningum.




Mynd 48 Hvar á landinu er þín stofnun staðsett?

Að meðaltali voru sex og hálf stöðugildi á hverju safni. Fjöldi starfsfólks var þó mjög mismunandi, allt frá á sjötta tug starfsmanna niður í einn starfsmann sem sinnti starfi sínu fyrir safnið í sjálfboðavinnu. Þá var starfsmannafjöldi nokkuð mismunandi eftir árstímum; mestur á sumrin.

Rúmlega helmingur þeirra safna sem svaraði taldi sig geta tekið á móti fleirum en 80 gestum í einu. Um átta af hverjum tíu aðilum sögðu að engar fjöldatakmarkanir væru á söfnunum, en um þrír aðilar töldu að engu að síður væri þörf á slíkum takmörkunum á þeirra stofnun. Ríflega helmingur svarenda sögðu að hópar greiddu annað gjald inn á söfnin en almennir gestir. Í lang flestum tilfellum var um að ræða afsláttargjald, en aðeins tvær stofnanir rukkuðu álagsgjald, eða sérstakt gjald fyrir hópa sem heim-sóttu safnið utan hefðbundins opnunartíma. Þá var aðgangur ókeypis inn á einhverjar þeirra stofnana sem svöruðu könnuninni.

Flest söfn, setur og sýningar, sem svöruðu könnuninni, sinna þjónustu í sinni heimabyggð. Í hverjum landshluta, fyrir utan Vesturland og Norðurland Vestra eru þó einn til þrír aðilar sem sinna þjónustu á landinu öllu.




Mynd 49 Yfir hversu stórt svæði nær þjónusta þinnar stofnunar?


Staða og hlutverk safna í ferðapjónustu

Þeir aðilar sem svöruðu könnuninni töldu að fjöldi innlends ferðafólks væri á bilinu 10% til 95% heildarfjölda þeirra sem heimsóttu safnið. Sex af hverjum tíu aðilum töldu víst að innlent ferðafólk væri helmingur eða meira af gestum safnsins, og þegar spurt var um hlutfall erlends ferðafólks töldu sex af hverjum tíu söfnum að hlutfall þeirra væri innan við helmingur allra gesta. Átta af hverjum tíu töldu að fjöldi ferðafólks sem heimsótti söfn hefði aukist á síðastliðnum fimm árum.

Rúmlega átta af hverjum tíu söfnum sögðu að þjónusta við ferðafólk væri mikilvægur þáttur í starfsemi þeirra og lang flest töldu sig vel í stakk búin til að taka á móti innlendu jafnt sem erlendu ferðafólki (þótt ívið fleiri hafi talið sig betur geta tekið á móti innlendu ferðafólki).




Mynd 50 Hversu mikilvægur eða lítilvægur þáttur í starfsemi þinnar stofnunar er þjónusta við ferðamenn?




Mynd 51 Hversu vel söfn, setur og sýningar telja sig búin til að taka á móti annarsvegar innlendu og hinsvegar erlendu ferðafólki?

Af svörum safna má ráða að flest leggja aukinn metnað í móttökur gesta og nefndu mörg að meiri kröfur en áður væru gerðar til tungumálakunnáttu og almennrar menntunar starfsfólks. Í því samhengi minntust nokkur söfn á að merkingar hefðu verið settar upp á fleiri tungumálum. Þá var talað um að margbreytileiki gesta þýddi mismunandi áherslur. Öll söfnin töldu sig hafa komið til móts við ferðafólk með ýmsum hætti, t.a.m. með því að tryggja sveigjanlega opnunartíma, sýningartexta á erlendum tungumálum og útgáfu kynningarefnis. Þá töldu mörg þeirra sem svörðu að þau hefðu eft kynningar á starfsemi sinni fyrir ferðapjónustuaðilum. Síst töldu söfnin sig hafa komið til móts við ferðafólk með fjölgun starfsfólks og er líklegt að það haldist í hendur við skort á fjárstuðningi (sjá mynd 53).



Mynd 52 Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum? Mín stofnun hefur komið til móts við innlenda og erlenda ferðamenn með því að:

Þegar áhrifin af auknum straumi ferðafólks voru skoðuð sérstaklega, kom fram í opnum svörum að aukningin hefði beinan ávinning í formi aukinna sértekna fyrir söfnin. Þrátt fyrir það töldu lang flest safnanna að þau hefðu ekki nægilegan fjárhagslegan stuðning til að efla þátttöku í ferðapjónustu. Sjö af hverjum tíu þeirra sem svöruðu höfðu sótt um styrk til að bæta þjónustu sína á þessu sviði. Flest þeirra höfðu sótt um fjárstyrki til opinberra aðila, en um fjórðungur hafði (einnig eða aðeins) sótt um styrki til einkaaðila.




Mynd 53 Telur þú að þín stofnun hafi nægilegan fjárhagslegan stuðning til þess að efla þátttöku í ferðaþjónustu?

Þá töldu söfnin að óbeinn ávinningur væri af auknum straumi ferðafólks. Töldu þau að sú aukna athygli sem söfn fengju gæti liðkað til og leitt til þess að ákveðin mál ættu auðveldari framgang innan stjórnkerfis sveitarfélaganna t.a.m. hvað varðar húsnæðismál. Áhrifin hefðu þó einnig ákveðin vandamál og áskoranir í för með sér, sé miðað við núverandi ástand. Sem dæmi væri aukið álag á starfsemina og einnig að önnur verk sætu gjarnan á hakanum þar sem meiri tími færi í að sinna móttöku gesta.

Hlutverk safna, sýninga og setra í ferðaþjónustu


Nær öll söfn sem svöruðu könnuninni töldu að hlutverk safna í ferðaþjónustu væri að vera staður þar sem ferðafólki gæfist kostur á að kynnst menningu og sögu landsins, auk þess að vera menningarleg afþreying. Þá voru um átta af hverjum tíu mjög eða frekar sammála því að efla þyrfti tengsl safna við ferðaþjónustu.



Mynd 54 Hvaða hlutverk eiga söfn að gegna í ferðaþjónustu að þínu mati? Svarendum gafst kostur á að merkja við fleiri en einn möguleika.

Samstarf

Flest þeirra safna, setra og sýninga sem svöruðu í könnuninni eiga í einhverskonar samstarfi við ferðaþjónustuaðila. Þrátt fyrir það sagði helmingur þeirra sem svöruðu að samstarfið mætti vera meira en nú er. Aðeins um einn af hverjum tíu (12%) sagði að samstarf þeirra við aðila í ferðaþjónustu væri markvisst, en um fjórðungur taldi að samstarfið væri ómarkvisst.




Mynd 55 Hvað af eftirfarandi lýsir best samstarfi þinnar stofnunar við ferðaþjónustuaðila?

Ástæður þess að samstarfi á milli þessara aðila virðist gefinn lítill gaumur endurspeglast að einhverju leyti í opnum svörum safnanna. Annarsvegar virtist það nokkuð á reiki hvað teldist til samstarfs.

Hinsvegar virtist það ekki tekið sérstaklega tekið sérstaklega fyrir í daglegum störfum. Allur gangur var á því hvort sameiginleg markmið safna annarsvegar, og ferðapjónustuaðila hinsvegar væru skilgreind sérstaklega. Annar helmingur þeirra sem tók afstöðu til þess taldi að samstarfið byggði á sameiginlega skilgreindum markmiðum, en hinn helmingurinn taldi að engar slíkar sameiginlegar skilgreiningar lægju til grundvallar. Nokkuð var um að svarið vissu ekki hvort skilgreiningar á sameiginlegum markmiðum eða skortur á þeim ættu við til að lýsa samstarfinu.

Í könnuninni kom fram að árin 2010 til 2014 voru á bilinu eitt til fimmtán verkefni unnin í samstarfi ferðapjónustuaðila og safna eða að meðaltali fimm verkefni. Þess utan voru sumir aðilar sem ekki vissu hversu mörg verkefni hefðu verið unnin í samstarfi á árabilinu. Flestir, eða fjórir af hverjum tíu, höfðu átt samstarf við markaðsstofur, en aðeins tveir af hverjum tíu höfðu samstarf við ferðaskipuleggjendur og enn færri við ferðaskrifstofur eða þá aðila sem sjá um skipulagningu á ráðstefnum.




Mynd 56 Vinsamlega merktu við þá aðila á sviði ferðapjónustu sem þín stofnun á í samstarfi við.

Þegar samband safna við aðila í ferðapjónustu er skoðað betur kemur í ljós að um helmingur, þeirra safna sem svöruðu könnuninni, sögðust vera formlegur aðili að samtökum á sviði ferðamála. Flestar þeirra, eða fjórðungur, er á Norðurlandi eystra. Rétt er að geta þess að hér hefur fjöldi stofnana í hverjum landshluta áhrif, en til samanburðar má nefna að mun færri stofnanir á höfuðborgarsvæðinu segjast eiga í formlegu samstarfi við aðila á sviði ferðapjónustu þótt fjöldi þeirra sé ívið meiri en á Norðausturlandi.

Flest söfn sem sögðust eiga samstarfsaðila tilgreindu fleiri en einn, þ.á.m.:

- » *Markaðsskrifstofur*
- » *Safnaklasar*
- » *Samtök um söguferðapjónustu*
- » *Félagasamtök í ferðapjónustu*




Mynd 57 Staðsetning þeirra stofnana sem eru formlegir aðilar að samtökum á sviði ferðamála.

Langflest söfn eiga í innbyrðis samstarfi, en aðeins um einn af hverjum tíu segir að slíkt samstarf sé ekki til staðar á þeirra stofnun. Þótt hér sé um að ræða sama hlutfall og þeir sem segjast ekki eiga í samstarfi við aðila á sviði ferðabjónustu, þá endurspeglar það ekki almennan skort einstakra safna á vilja til samstarfs. Þegar gögnin eru skoðuð kemur í ljós að ekki er um sömu aðila að ræða. Nær allir sem ekki sögðust eiga í samstarfi við ferðabjónustuaðila áttu í samstarfi við önnur söfn. Langflest þeirra áttu í samstarfi við viðurkennt safn og/eða höfuðsafn, en einnig var nokkuð um samstarf við sýningar, setur og menningarhús. Þá nefndu svarendur einnig samstarf við bókasöfn og félagasamtök. Athygli vekur að þau sem tjáðu sig í opnum svörum nefndu í allmörgum tilfellum einnig samstarf við rannsóknastofnanir og háskóla.

Samstarf safna fólst helst í eftirfarandi:


- » *Ráðgjöf og faglegri aðstoð við varðveislu, sýningagerð og skráningar*
- » *Samstarfi um sýningar, fyrirlestra og aðrar upptökur*
- » *Samstarfi um markaðsmál, s.s. útgáfu kynningarefnis*
- » *Láni á húsnæði*
- » *Láni á safngripum*
- » *Samstarfi um rekstur einstaka eininga sem heyra undir söfnin*
- » *Samstarfi um sögutengda ferðabjónustu*
- » *Stuðningi og ráðgjöf sem varðar innra starf, t.d. styrkumsóknir*



Mynd 58 Vinsamlega merktu við aðrar stofnanir á sviði safna og eða safntengdrar starfsemi sem þín stofnun á í samstarfi við? Svarendur gátu merkt við fleiri en einn möguleika


Klasasamstarf

Að mati þeirra sem svöruðu þessum hluta könnunarinnar eru sameiginleg verkefni og sameiginlegar herferðir í kynningum helst það sem gæti aukið samstarf ferðapjónustu og safna. Þá töldu margir að skilgreindur samvinnuvettvangur á borð við klasa og félagasamtök gætu átt þátt í auknu samstarfi.



Mynd 59 Vinsamlega merktu við þá þætti sem aukið gætu samstarf þinnar stofnunar og aðila í ferðapjónustu? Svarendur áttu þess kost að merkja við fleiri en einn möguleika.


Sem fyrr segir eru klasar skipulögð, svæðisbundin samvinna stofnana og fyrirtækja. Að sögn þeirra safna, setra og sýninga sem svöruðu í könnuninni taka þau lang flest þátt í einhvers konar klasasamstarfi með annarri safntengdri starfsemi (sex af hverjum tíu) og/eða öðrum söfnum. Nær fjórir af hverjum tíu eru í klasasamstarfi með ferðapjónustufyrirtækjum.



Mynd 60 Stofnanir eða fyrirtæki sem þín stofnun tekur þátt í klasasamstarfi við.
Svarendur áttu kost á að merkja við fleiri en einn möguleika.

Samskipti safna og ferðapjónustuaðila


Að jafnaði höfðu aðilar í ferðapjónustu samband við um átta af hverjum tíu söfnum. Sá aðili sem hafði reglubundið samband við flest söfn er Safnahandbókin. Hún er ókeypis handbók um söfn, sýningar, setur, þjóðgarða og sögulegar byggingar sem er að finna víðsvegar um land. Þá höfðu markaðsstofur og ferðaskipuleggjendur reglubundið samband við sex af hverjum tíu safnastofnunum. Menningarfulltrúar landshluta höfðu einungis samband við fjórar af hverjum tíu stofnunum sem svöruðu könnuninni.



Mynd 61 Hvaða aðilar á sviði ferðapjónustu hafa reglubundið samband við þína stofnun?
Svarendum gafst kostur á að merkja við fleiri en einn möguleika.


Rétt tæplega helmingur þeirra safna sem svöruðu könnuninni töldu að ferðapjónustuaðilar hefðu takmarkaðan skilning á starfsemi þeirra. Þótt flestum hafi ekki fundist ferðapjónustuaðilar gera til þeirra óraunhæfar kröfur þá fannst um þremur af hverjur tíu söfnum þó svo vera. Í því samhengi er rétt að benda

á að nokkuð mörg söfn láta hjá líða að bjóða aðilum í ferðapjónustu til kynningar á starfsemi þeirra, eða fjögur af hverjum tíu. Þær stofnanir sem það gerðu, buðu nokkuð reglulega ferðaskrifstofum, ferðaskipuleggjendum, markaðsstofum og leiðsögumönnum til kynningar. Fæstir sögðust bjóða menningarfulltrúum til kynningar á starfsemi stofnananna. Er það áhugavert í ljósi þess sem kom fram í umfjöllun um menningarfulltrúa landshluta þar sem bent var á, að svo virtist sem tengsl þeirra og safnastofnana færu fram eftir óformlegum, fremur en formlegum leiðum.




Mynd 62 Býður þín stofnun upp á sérstaka kynningu fyrir eftirfarandi aðila á sviði ferðapjónustu? Svarendur gafst kostur á að merkja við fleiri en einn möguleika.

Til að meta áhrif ferðapjónustu á svæðinu sögðust flest söfnin hafa aðgang að upplýsingum um fjölda heimsóknna til sín, eða sjö af hverjum tíu. Um helmingur sagðist hafa aðgang að upplýsingum um stefnumótun á sviði menningarmála og fjölda heimsóknna á vefsíður safnanna. Þær upplýsingar sem söfnin telja ekki vera til staðar eru helst meðaleyðsla ferðafólks á söfnum, mikilvægi safna í afþreyingu íbúa svæðanna og þróun efnahagslegra möguleika. Sérstaka athygli vekur að nær níu af hverjum tíu söfnum vita ekki hvort stefnumótun opinberra aðila á sviði ferðamála sé yfirhöfuð til staðar. Það á við um fleiri þætti sem gætu legið til grundvallar mati á samtvinnun safna og ferðapjónustu á svæðinu. Hér skal tekið fram að með því að draga fram mögulegan skort á vitneskju um þetta atriði er ekki verið að gefa í skyn vanþekkingu af hálfu safna, heldur frekar að undirstrika hvaða þætti (og hversu marga þætti) söfnin telja mikilvæga þegar kemur að því að meta áhrif ferðapjónustu.




Mynd 63 Hvaða upplýsingar eru til staðar fyrir þína stofnun til þess að meta áhrif ferðaþjónustu á þínu svæði?

Langflest safnanna, eða nær níu af hverjum tíu, taka saman upplýsingar um hversu margir heim- sækja þau. Þá er einnig nokkur hluti þeirra sem safnar upplýsingum um aldur gestanna og þjóðerni, þótt einhverjir hafi tekið fram að hvorki væri um að ræða nákvæman aldur eða þjóðerni heldur byggðu upplýs- ingar á því hvort um væri að ræða barn eða fullorðinn, og erlendan eða innlendan gest. Einhverjir skráðu einnig hópa á vegum skóla sérstaklega. Tæplega fjórðungur þeirra safna sem svöruðu könnuninni sögðust gera þjónustukönnun á meðal gesta sinna.



Mynd 64 Gerði stofnunin þjónustukönnun meðal gesta á árinu 2014?

Í þeim tilfellum þar sem þjónustukannanir voru gerðar var helst spurt um ánægju/óánægju gesta með sýningar og hvernig safngestir hefðu frétt af safninu. Í flestum tilfellum var ánægja safngesta eða viðhorf þeirra kannað. Aðeins í einu tilfelli sagðist safnið gagnlegt nýta kannanir til að fá upplýsingar um hvað það gæti gert betur að mati safngesta.




Mynd 65 Vinsamlega merktu við þær upplýsingar sem þín stofnun tekur saman um gesti sína.

Sjálfsmat safna, setra og sýninga

Flest söfn telja sig mæta þörfum ferðaðþjónustuaðila nægjanlega vel. Á heildina litið telur, hinsvegar, fjórðungur svo ekki vera. Meira en helmingur safnatöldu að þau eigi stóran þátt í að laða ferðafólk á svæðið og


fleiri og níu af hverjum tíu töldu að þau hefðu jákvæð áhrif á upplifun ferðafólks á svæðinu.

Um helmingur þeirra sem svaraði könnuninni taldi að tengsl íbúa við stofnunina hafi breyst vegna þeirra áhrifa sem stafi af ferðapjónustu á svæðinu. Margir sögðu að með fjölgun ferðafólks hafi safnið orðið sýnilegri fyrir íbúum bæjarins/svæðisins og nokkrir nefndu einnig að áhugi heimafólks á menningararfi hafi aukist í kjölfarið. Þá nefndu einnig margir að heimafólk kynni greinilega betur að meta stofnunina eftir að ferðafólki fjölgaði á svæðinu og var talað um að safnið hefði orðið stolt bæjarfélagsins og íbúana. Fjöldi þeirra sem telja að ferðapjónusta og framboð á menningarlegri afþreyingu hafi bætt sjálfsmynd íbúa á svæðinu, eða þrír fjórðu svarenda, rennir stoðum undir þetta.




Mynd 66 Hvað geta söfn og safntengd starfsemi lagt af mörkum nú og í framtíðinni hvað varðar þróun í ferðapjónustu?

Þau söfn sem svöruðu könnuninni töldu að jafnaði að þau gætu lagt sitt af mörkum til efnahagslegrar þróunar á svæðinu. Auk þeirra þátta sem voru taldir upp - að skapa áfangastaði, auka fjölda ferðafólks, aukið menntunarstig og sérhæfð störf - kom fram í opnum svörum að uppbygging staða sem rækta og miðla menningu geti gerbreytt svæðum og haft umtalsverð efnahagsleg áhrif.



Mynd 67 Hvað geta söfn og safntengd starfsemi lagt af mörkum nú og í framtíðinni hvað varðar efnahagslega þróun svæðisins?

Almennt telja söfn að starfsemi þeirra styðji við ferðapjónustu á svæðinu. Flest söfnin telja að stuðningurinn felist í þeirri ímynd sem þau hafi, en einnig í fjölbreyttum sýningum og þeirri hæfni sem starfsfólk þeirra hafi yfir að búa. Þá telja ríflega sjö af hverjum tíu söfnum að samstarf þeirra við skapandi greinar á svæðinu styðji við bakið á ferðapjónustunni. Þetta viðhorf safna til sjálfra sín hefur nokkurn samhljóm í viðhorfum markaðsstofa og ferðapjónustuaðila og áður er getið. Hinsvegar stangast það verulega á við viðhorf menningarfulltrúa landshluta, sem telja annaðhvort að mikið vanti upp á að samstarf safna við skapandi greinar séu yfirhöfuð til staðar eða að þessi þáttur styðji ekki við ferðapjónustu á svæðinu.



Mynd 68 Hvaða þættir styðja við ferðapjónustus á svæði þinnar stofnunar?


Söfn og vaxtamöguleikar í ferðapjónustu

Söfn telja sig vel í stakk búin til að vera hluti af þeirri þróun sem gæti átt sér stað á sviði ferðapjónustu í landinu. Hér er skoðað mat þeirra á því hve vel þau telja sig í stakk búin til að leggja sitt af mörkum til vetrarferðamennsku annarsvegar og hinsvegar hver afstaða þeirra er til sjálfbærni.

Með hugtakinu sjálfbærni í tengslum við ferðapjónustu er átt við þjónustu sem mætir þörfum ferðamanna og heimamanna en stuðlar um leið að verndun og auknum markaðstækifærum. „Þetta felur í sér að auðlindum er stjórnað með þeim hætti að efnahagslegum, félagslegum og fagurfræðilegum þörfum

er fullnægt, á sama tíma og viðhaldið er menningu, nauðsynlegum vistfræðilegum ferlum, líffræðilegri fjölbreytni og nauðsynlegum lífsskilyrðum“ (Edward og Gunnar, 2013, bls. 12). Sjálfbærnishugtakið hefur einnig verið til töluverðar umræðu á undanförunum árum í tengslum við hlutverk og starfsemi safna. (Jensen og Lundgaard, 2015. Sjá einnig Sigurjón Baldur Hafsteinsson, 2015).


Nær öll söfn sem svöruðu könnuninni, fleiri en níu af hverjum tíu, töldu mikilvægt að þeirra stofnanir huguðu að sjálfbærni og töldu langflest það mjög mikilvægt.



Mynd 69 Hversu mikilvægt eða léttvægt telur þú að þín stofnun hugi að sjálfbærni?

Vetrarferðapjónusta

Flest söfn töldu sig mjög eða frekar vel í stakk búin til að sinna vetrarferðapjónustu. Ríflega fjórðungur taldi sig mjög eða frekar illa í stakk búin til að sinna henni. Líkt og ferðapjónustuaðilar töldu söfnin að það sem helst stæði í vegi fyrir því að sinna þjónustu við ferðafólk að vetrum væri fjárskortur. Tæplega helmingur taldi einnig að mannekla hindraði slíka þjónustu og nær þrír af hverjum tíu töldu til opunar-tíma stofnananna. Afar fáir álitu að ímynd safnagætu staðið í vegi fyrir vetrarferðapjónustu og í opnum svörum töldu nokkrir að veðurfar og samgöngur á vetrum gætu hindrað þátttöku þeirra.



Mynd 70 Er þín stofnun vel eða illa í stakk búin til að taka þátt í aukinni áherslu á vetrarferðapjónustu?

SAMANTEKT

Almennt töldu menningarfulltrúar, markaðsstofur og ferðapjónustuaðilar sem svöruðu könnuninni að söfn hefðu mjög mikið eða frekar mikið vægi þegar kemur að ferðapjónustu. Að mati menningarfulltrúa endurspeglast mikilvægi safna í ferðapjónustu meðal annars í því að þau telja söfn geta verið áfangastaði og þar með átt þátt í að gera svæðið áhugaverðara og eftirsóknarverðara í aukum ferðalanga, auk þess að lengja dvalartíma þeirra. Ennfremur töldu menningarfulltrúarnir að söfn gætu lagt sitt af mörkum til að skapa áfangastað í ferðapjónustu. Helmingur markaðsfulltrúa taldi að söfn stæðu annað hvort vel eða mjög vel að vígi þegar kemur að eftirspurn ferðafólks eftir menningarlegri upplifun. Það sem helst vekur athygli er að helmingur þeirra töldu sig ekki vita hvernig þau stæðu. Af þeim ferðapjónustuaðilum sem töldu sig vita hvernig söfn væru í stakk búin til að taka á móti ferðafólki, álitu flestir að söfn stæðu mjög eða frekar vel að vígi þegar kom að safnverslunum, aðgengi með tilliti til vegakerfis, móttöku hópa, upplýsingaveitu, leiðsagna og bílastæða. Minna en helmingur þeirra sem svaraði taldi, hinsvegar að söfn væru illa í stakk búin til að taka á móti ferðafólki þegar kæmi að aðgengi fyrir fatlaða, veitingaaðstöðu og hvíldarsvæði.

Þeir menningarfulltrúar sem svöruðu voru sammála um að hæfni og mannaúður safna væri einn þeirra þátta sem þegar eru til staðar og styðja við ferðapjónustu á þeirra svæði. Þá töldu margir til dagskrá atburða. Nokkrir menningarfulltrúar nefndu aðra þætti, en á heildina litist annað hvort sem mikið vanti upp á að þættir á borð við samstarf við skapandi greinar, fjölbreytni í miðlun og sýningum og starfsfólk sem sinni þróun markhópa séu til staðar á söfnum eða að menningarfulltrúarnir telja þá ekki styðja við ferðapjónustu á svæðinu. Þær markaðsstofur sem svöruðu voru sammála um að dagskrá viðburða á söfnum, hæft starfsfólk, og opinber ímynd safna væru þættir sem nú þegar væru til staðar og styddu við ferðapjónustu. Þá töldu lang flestar markaðsstofur að samstarf safna við skapandi greinar á hverju svæði fyrir sig væri fyrir hendi og hefði jákvæð áhrif á sviði ferðapjónustu. Það er nokkuð annað viðhorf en meðal menningarfulltrúa sem telja, eins og fram hefur komið, að slíkt samstarf sé annaðhvort ekki til staðar eða veiti ferðapjónustu lítinn stuðning. Um tveir þriðju þeirra ferðapjónustuaðila sem svöruðu könnuninni töldu að hæfni og mannaúður safna styddi við ferðapjónustu á svæðinu. Tæplega helmingur taldi að slíkan stuðning mætti finna með samstarfi safna við skapandi greinar.

Í niðurstöðum þessarar könnunar kemur fram að söfn eru almennt talin mikilvægur þáttur í ferðapjónustu. Flestir þessara aðila telja að söfn gætu engu að síður bætt úr ýmsum þáttum starfseminnar til að þjóna ekki aðeins innra starfi safna heldur einnig ferðamannaþjónustu sem er spáð örurum vexti á næstu árum. Þótt markvert starf hafi verið unnið, bæði á málefnum safna og ferðapjónustu síðustu árin, þá veldur áhyggjum það stefnuleysi sem kemur fram þegar svörin í þessari könnun eru skoðuð heildrænt. Í þessu samhengi vekur athygli hve ósamstæðar upplýsingar virðast vera um tilvist og aðgengi þeirra gagna sem stutt gætu við ákvarðanatöku, en ekki síst, mótun á stefnu í málefnum ferðapjónustu og safna.

TILLÖGUR UM ATRIÐI TIL ÍHUGUNAR Í STEFNUMÓTUN Á SVIÐI SAFNA OG FERÐAÞJÓNUSTU

Þó náttúra landsins sé jafnan sögð meginástæða ferða erlendra gesta hingað til lands, leika söfn og safntengd starfsemi sitt hlutverk í ferðaþjónustu á Íslandi sem áfangastaðir. Ekkert heildstætt yfirlit eða samantekt er hins vegar til um hvers konar hlutverkum þau gegna eða með hvaða hætti söfn og safntengd starfsemi eru hluti af áætlanagerðum og framkvæmd opinberra aðila á sviði ferðaþjónustu. Meginmarkmið þessarar skýrslu er að taka skref í þá átt að skýra þetta samspil með eftirfarandi markmið í huga:

- » *Efla skilning á samspili safna og ferðaþjónustu*
- » *Efla þátttöku safna í samstarfi um þjónustu við ferðamenn*
- » *Leggja drög að stefnumótun er varðar samspil safna og ferðaþjónustu á landsvísu og í heimahéraði*

Spár um fjölda erlendra ferðamanna hingað til lands segja að á árinu 2016 geti allt að 1.6 milljón ferðamanna komið til landsins (sjá „Stefnir í eina og hálf milljón...“, 2015). Í ljósi vaxandi fjölda ferðamanna á síðustu árum og áætlana um viðbúnað fyrir frekari heimsóknir er einsýnt að söfn og aðilar í ferðaþjónustu þurfi að vinna meira saman. Í þessum hluta skýrslunnar eru lagðar fram tillögur að atriðum sem talin eru mikilvæg að huga að í þeim tilgangi að efla enn frekar samspil safna og ferðaþjónustu. Tillögunar byggja á þeim niðurstöðum sem fyrri kaflar skýrslunnar hafa dregið fram og er ráðað eftir efnisatriðum. Skörun er á milli efnisröðunar og er mikilvægt að leggja áherslu á að eigi að horfa heildstætt á samspilið milli safna og ferðaþjónustu, þarf að taka tillit til allra efnisflokka. Efnisflokkun getur hins vegar verið gagnleg til að greina afmarkaða verkþætti, ekki síst í ljósi þess að margir hagsmunaaðilar koma að samspili safna og ferðaþjónustu. Eins og áður er til hagræðingar notast við söfn, sem yfirheiti yfir söfn og safntengda starfsemi.

Huga þarf að styrkingu á umhverfi safna og ferðapjónustu.

- » *Opinberir aðilar þurfa að draga frekar fram hlutverk safna í hagrænu tilliti, með áherslu á þátt þeirra í ferðapjónustu.*
- » *Opinberir sjóðir þurfa að huga að söfnum sem samstarfsaðilum og þátttakendum í skipulagi, uppbyggingu og úrbótum á ferðamannastöðum.*
- » *Söfn þurfa að taka virkan þátt í umræðum og skipulagi opinberra aðila á uppbyggingu ferðapjónustu.*
- » *Taka þarf mið af mismunandi aðstæðum eftir landshlutum þegar kemur að ferðapjónustu og söfnum.*
- » *Leita þarf áhlits sérfræðinga í málefnum safna við mótun hugmynda sem snerta ferðapjónustu og menningu.*
- » *Huga þarf að öruggu og jöfnu aðgengi safna og ferðapjónustuaðila að gagnlegum upplýsingum, t.a.m. með mótun og viðhaldi miðlagrar veitu sem miðlar efni, s.s. rannsóknnum, gátlistum, fréttum og öðru sem styður við samþættingu safna og ferðapjónustu.*

Huga þarf að rannsóknum á sviði safna og ferðapjónustu.

- » *Hvetja þarf til rannsóknaverkefna á vegum hins opinbera, þar sem samspil safna og ferðapjónustu er í brennidepli.*
- » *Hvetja þarf til rannsókna og rannsóknarsamstarfs meðal fræðimanna og stofnana á samþattu sviði ferðamála og safnastarfs.*
- » *Hvetja þarf söfn til rannsóknaverkefna á samspili þeirra við aðila í ferðapjónustu og ferðapjónustu almennt.*
- » *Hvetja verður til rannsókna á málkvörðum sem söfn nota ogleða geta notað í starfsemi sinni til að mæta betur þörfum í ferðapjónustu.*
- » *Huga verður sérstaklega að því að innleiða hagnýtar rannsóknir á aðstæðum safna til að mæta betur þörfum í ferðapjónustu.*
- » *Huga þarf að söfnum og ferðapjónustu meðal hagsmunasamtaka.*
- » *Hvetja verður til öflugra samráðs meðal safna og hagsmunasamtaka á sviðum ferðapjónustu.*
- » *Hvetja verður til samráðs um ferðamál meðal safna og opinberra samtaka á borð við Ferðamálaráð og Stjórnstöð ferðamála.*
- » *Huga verður að stefnumótun sveitarfélaga á sviðum ferðapjónustu og uppbyggingu á menningarstarfi með sérstakri áherslu á söfn og safnastarf.*
- » *Hvetja verður samtök á sviðum safna og menningartengdar ferðapjónustu um samstarf og samráð um málefni safna og ferðapjónustu.*
- » *Huga verður að framlagi safna í átaksverkefnum sveitastjórna og hins opinbera á sviðum ferðapjónustu.*
- » *Huga verður að framlagi safna í sérstökum átökum á sviðum ferðapjónustu meðal hins opinbera og á sveitastjórnarstigi.*
- » *Hvetja þarf söfn til framlags í átaksverkefnum á sviðum ferðapjónustu.*

Huga þarf að mælitækjum og upplýsingaöflun meðal safna og aðila í ferðaþjónustu.

- » *Söfn þurfa að huga að söfnun upplýsinga um núverandi notendur. Söfn þurfa að huga að söfnun upplýsinga sem leitt gætu til fleiri og fjölbreyttari hópa notenda.*
- » *Menningarfulltrúar þurfa að huga að innleiðingu skráninga á safntengdri starfsemi.*
- » *Markaðsstofur þurfa að huga að innleiðingu skráninga á safntengdri starfsemi.*
- » *Hagstofan þarf að huga að ítarlegri skráningu upplýsinga um starfsemi safna, með sérstakri áherslu á hagræn gögn.*
- » *Leita þarf samstarfs fræðimannalsérfræðinga á sviði safna og ferðaþjónustu til þróunar á mælitækjum sem gagnast sameiginlegum sviðum ferðaþjónustu og safna.*

Huga þarf að markaðsmálum í ferðaþjónustu með áherslu á söfn.

- » *Huga þarf að kortlagningu þeirra tækifæra og ávinnings sem felst í öflugra samstarfi safna og ferðaþjónustu, t.a.m. mótun nýrra afurða.*
- » *Huga þarf að skilgreiningum á þeim afurðum sem felast í öflugra samstarfi safna og ferðaþjónustu*
- » *Huga þarf að skilgreiningum á markhópum þeirra afurða sem verða til á sameiginlegum sviðum safna og ferðaþjónustu (og ef til vill fleiri aðila).*
- » *Huga þarf að forvirkum aðgerðum sem stuðla að greiningu og aðlöðun markhópa á sameiginlegum sviðum safna og ferðaþjónustu.*

Huga þarf að söfnum í stefnumótun landshluta.

- » *Huga þarf að hlutverki safna í stefnumótun landshluta á sviði ferðaþjónustu.*
- » *Skóða þarf hvar sameiginlegar áherslur safna og ferðaþjónustuaðilar liggja, til þess að ná fram þeim markmiðum sem menningarsamningar landshluta óska eftir s.s. varðandi eflingu samstarfs, áherslur á nýsköpun og fjölbreyttni og fjölgun atvinnutækifæra.*
- » *Huga þarf að greiningu og kortlagningu á sameiginlegum áherslum safna og ferðaþjónustuaðila í samræmi við opinber markmið, t.d. markmið menningarsamninga og stefnumótunar í ferðamálum.*

Huga þarf að kynningarstarfi safna.

- » *Huga þarf að kynningarmálum safna sem styðja við ferðaþjónustu.*
- » *Huga þarf að kynningarefni á vefsíðum markaðsstofa um söfn og safntengda starfsemi.*
- » *Innleiða þarf ferli fyrir kynningarmál á Internetinu milli aðila; safna og safntengdrar starfsemi, menningarfulltrúa, markaðsstofa og ferðaþjónustuaðila.*
- » *Innleiða þarf ferli sviði kynningarmála á starfsemi safna meðal hins opinbera og stofnana á þeirra vegum, sem sinna málefnum ferðaþjónustu.*
- » *Skóða þarf þátt safna í kynningarstarfi meðal fyrirtækja á markaði sem sinna ferðaþjónustu.*

Huga þarf að hagrænni greiningu á þætti safna í hagkerfinu, með sérstakri áherslu á ferðaþjónustu.

- » *Huga þarf að greiningu á stofnkostnaði safna vegna vaxtar í ferðaþjónustu.*
- » *Mikilvægt er að greina efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu á söfn niður á svæði og landshluta, til að mögulegt sé að leggja mat á stöðu og framtíðarhorfur þeirra sem hluta af ferðaþjónustu .*
- » *Söfn þurfa að taka virkan þátt í umræðum um hagræn áhrif ferðaþjónustu í menningarstarfsemi.*

HEIMILDIR

- Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir. (2008). „Lækningaminjasafn á Seltjarnarnesi. Varðveisla og miðlun.“ Viðtal við Önnu Þorbjörgu Þorgrímsdóttur. *Læknablaðið*, 9(94).
- Armbrecht, J. (2013). *Svenska museers ekonomiska effekter*. Göteborg: Riksförbundet Sveriges Museer.
- Áki Guðni Karlsson. (2011). *Menningartengd ferðaþjónusta á Vestfjörðum*. MA-ritgerð hjá Háskóla Íslands.
- DC Research. (2010). *The Economic Value of the Independent Museum Sector*. UK: AIM.
- Edward Hákon Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson. (2013). *Ferðamál á Íslandi*. Reykjavík: Mál og menning.
- EGMUS. (2004). *A Guide to European Museum Statistics*. Berlin: Materialien aus dem Institut für Museumskunde.
- Ferðamálastofa Íslands. *Ferðavenjukannanir*. Ferðamál á Íslandi (1983). Reykjavík: Samgönguráðuneytið.
- Ferðamálaáætlun 2006-2015*. (2005). Reykjavík: Samgönguráðuneytið.
- Ferðamálaáætlun 2011-2020*. (2011). Reykjavík: Samgönguráðuneytið.
- Frent, C. (2013). *The Economic Benefits of Tourism in Iceland: Boosting the Icelandic Tourism Satellite Account Development – Icelandic Tourism Satellite Account (TSA) – A Conformity Assessment with United Nations Standards for TSA – Part 1*. Akureyri: Icelandic Tourism Research Centre.
- Frent, C. (2014). *The Economic Benefits of Tourism in Iceland – New Developments for the Icelandic Tourism Satellite Account: Tourism Gross Fixed Capital Formation and Tourism Collective Consumption*. Akureyri: Icelandic Tourism Research Centre.
- Gunnar Þór Jóhannesson. (2012). „Tími til að tengja? Af stefnumótun í ferðaþjónustu á Íslandi.“ *Stjórn-mál og stjórnsýsla*, 1(8).
- Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir. (2007). *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði*. Akureyri: Ferðamálaásetur Íslands.
- Hagstofa Íslands.
- Hargrove, C. (2014). *National Cultural Districts Exchange – Cultural Tourism: Attracting Visitors and their Spending*. USA: Americans for the Arts.
- Haukur F. Hannesson. (2009). *Er til menningarstefna á Íslandi? Greining á menningarstefnu íslenska ríkisins eins og hún lítur út í desember 2009*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Isaac, R. (2008). *Understanding the Behaviour of Cultural Tourists – Towards a Classification of Dutch Cultural Tourists*. Netherlands: NHTV International Higher Education Breda.
- Jensen, J.T. og Lundgaard, I.B. (2015). *Museums, Citizens and sustainable solutions*. Kaupmannahöfn: Kulturstyrelsen.
- Katrín Anna Lund. (2015). „Magic Mussels: Ingredients for improvising a tourism destination.“ *Journal of Gastronomy and Tourism*, 1.
- Lára Magnúsdóttir og Sólveig Ólafsdóttir. (2013). *Menning og ferðaþjónusta: Um menningu og menningarverkefni á landsbyggðinni frá sjónarhóli hugvísinda*. Skagaströnd: Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi Vestra.
- Lög um menningarminjar* nr. 20/2012.
- Lög um Náttúruminjasafn Íslands* nr. 35/2007.

- Lög um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011.
- Martin, B.S., Bridges, W.C. og Valliere, W. (2004). Are Cultural Heritage Visitors Really Different from Other Visitors? *Tourism Analysis*, 9.
- Menningarstefna. (2013).
- Mossberg, L., Therkelsen, A., Huijbens, E. H., Björk, P. og Olsson, A. K.. (2010). *Storytelling and destination development*. Oslo: Nordic Innovation Centre.
- Myerscough, J. (1988). *The Economic Importance of the Arts in Britain*. London: Policy Studies Institute.
- Myndlistarlög nr. 64/2012.
- Niðurstæða vinnuhóps um starfsemi Laxnesseturs og framtíðarsýn (2008). Skjalasafn Safnaráðs.
- Pham, J., Velayo, N., and Kopecki, S.. (1975). *Tourism in Iceland: Phase Two*. Volume One, Book Two. New York: Checchi and Company.
- Piekkola, H., Suojanen, O. og Vainio, A. (2014). *Economic Impact of Museums*. Vasaa: Levón Institute.
- Richards, G. (2005). „Culture and Tourism in Europe.“ Í Richards, G. (ritstjóri), *Cultural Tourism in Europe*. Wallingford UK: CABI.
- Íslensk Muna- og minjasöfn: *Meðferð og nýting á ríkisfé – skýrsla til Alþingis*. (2009). Reykjavík: Ríkisendurskoðun.
- Safnalög nr. 141/2011.
- Safnastefna á sviði þjóðminjavörslu 2010-2014. (2010). Anna Lía Rúnarsdóttir (ritstj.). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Sigurjón Baldur Hafsteinsson. (2014). *Phallogical Museum*. Munster: LIT Verlag.
- Sigurjón Baldur Hafsteinsson. (2015). „Söfn í þágu sjálfbærni.“ Morgunblaðið, 16. maí.
- Sigurjón Baldur Hafsteinsson. (2015). Munnleg heimild, Kjartan Lárusson, 16. september.
- „Stefnir í eina og hálfu milljón ferðamanna á næsta ári.“ Turisti.is, 14. september 2015. Skoðað 14. september 2015 á <http://turisti.is/frettir/2317-stefnir-i-1-5-milljon-ferdamanna-a-naesta-ari>.
- Stefnumótun í ferðaþjónustu. (1996). Reykjavík: Samgönguráðuneytið.
- TBR. (2015). *The Economic Impact of Museums in England*. Newcastle: TBR.
- Tengsl menningarsögu þjóðarinnar við ferðaþjónustu. (1996). Reykjavík: Samgönguráðuneytið.
- Tillaga til þingsályktunar um ferðamálaáætlun 2011-2020. Alþingi.
- Tómas I. Olrich. (2001). *Menningartengd ferðaþjónusta*. Reykjavík: Samgönguráðuneytið.
- Vegvísir í ferðaþjónustu. (2015). Reykjavík: Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið.
- Vilhjálmur Jens Árnason og Þór Sigfússon. (2011). *Íslenski sjávarklasinn: Skýrsla um umsvif, tækifæri og áskoranir*. Reykjavík: Sjávarklasinn.
- Þóra Björk Ólafsdóttir. (2012). *Talnasafn – Greining á rekstrarumhverfi safna í eigu annarra en ríkisins*. MA-ritgerð hjá Háskóla Íslands.

LISTI YFIR MYNDIR OG TÖFLUR

Mynd 1 Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi.

Mynd 2 Heildarneysla innlendra og erlendra ferðamanna (m.kr.) og neysla á mann (kr.).

Mynd 3 Menningarneysla innlendra og erlendra ferðamanna.

Tafla 1 Niðurstöður ferðavenjukkannana Ferðamálastofu meðal erlendra ferðamanna

Mynd 4 Fjöldi safna eftir tegund og árum.

Mynd 5 Fjöldi safna eftir landshlutum árið 2010.

Mynd 6 Fjöldi safnagesta skipt eftir landshlutum, (þús.). Safnagestir landsbyggðar eru lesnir af vinstri ás en safnagestir höfuðborgarsvæðis á hægri ás.

Tafla 2 Fjöldi safnagesta árið 2010 auk hlutfallslegrar fjölgunar safnagesta frá 1996.

Mynd 7 Hlutfall innlendra og erlendra ferðamanna af heildargestafjölda safna. Bláa kúrfan sýnir niðurstöður ef gert er ráð fyrir að hver erlendur ferðamaður fari í 1,8 heimsóknir á söfn o.þ.h. en rauða kúrfan fæst ef gert er ráð fyrir 2,8 heimsóknum.

Mynd 8 Velta skapandi lista og starfsemi safna frá 2008 (m.kr.).

Mynd 9 Ríkisframlög 2008-2014 á verðlagi hvers árs (m.kr.).

Mynd 10. Hversu oft fundar þú að jafnaði með forsvarsmönnum safna og safntengdrar starfsemi?

Mynd 11. Á þín stofnun í klasasamstarfi við eftirfarandi stofnanir eða fyrirtæki?

Mynd 12. Hvaða upplýsingar eru til staðar fyrir þína stofnun til þess að meta áhrif safna og safntengdrar starfsemi á ferðþjónustu á þínu starfssvæði?

Mynd 13. Hversu mikið eða lítið vægi telur þú að eftirfarandi stofnanir hafi í ferðþjónustu?

Mynd 14. Hvaða hlutverkum eiga söfn og safntengd starfsemi að gegna í ferðþjónustu að þínu mati ?

Mynd 15. Hvað geta söfn og safntengd starfsemi lagt af mörkum nú og í framtíðinni hvað varðar þróun í ferðþjónustu?

Mynd 16. Hvaða þættir í starfsemi safna og safntengdrar starfsemi telur þú að séu til staðar og styðji við ferðþjónustu á þínu svæði?

Mynd 17. Hvaða atriði í þjónustu safna og safntengdrar starfsemi á þínu starfssvæði telur þú að megi bæta ?

Mynd 18. Hversu sammála eða ósammála ertu því að efla þurfi tensl ferðþjónustu við söfn og safntengda starfsemi?

Mynd 19. Hversu vel eða illa telur þú að söfn og safntengd starfsemi standi sig í að kynna starfsemi sína fyrir aðilum í ferðþjónustu á þínu starfssvæði?

Mynd 20. Hversu oft fundar þú að jafnaði með forsvarsmönnum safna og safntengdrar starfsemi ?

Mynd 21. Á þín markaðstofa í klasasamstarfi við eftirfarandi stofnanir eða fyrirtæki ?

Mynd 22. Hvaða upplýsingar eru til staðar fyrir þína markaðsstofu til þess að meta áhrif safna og safntengdrar starfsemi á ferðþjónustu á þínu starfssvæði ?

Mynd 23. Hversu mikið eða lítið vægi telur þú að eftirfarandi stofnanir hafi í ferðþjónustu?

Mynd 24. Telur þú að söfn og safntengd starfsemi standi almennt vel eða illa að vígi hvað varðar að taka við vexti í ferðþjónustu ?

Mynd 25. Hvaða hlutverkum eiga söfn og safntengd starfsemi að gegna í ferðþjónustu að þínu mati ?

Mynd 26. Hvað geta söfn og safntengd starfsemi lagt af mörkum nú og í framtíðinni hvað varðar þróun í ferðþjónustu?

Mynd 27. Hvaða þættir í starfsemi safna og safntengdrar starfsemi telur þú að séu til staðar og styðji við ferðþjónustu á svæði þinnar markaðsstofu ?

Mynd 28. Hvaða atriði í þjónustu safna og safntengdrar starfsemi á þínu starfssvæði telur þú að megi bæta ?

Mynd 29. Hvaða atriði í miðlun og sýningum safna og safntengdrar starfsemi á þínu starfssvæði telur þú að megi bæta ?

Mynd 30. Hversu sammála eða ósammála ertu því að efla þurfi tengsl ferðþjónustu við söfn og safntengda starfsemi ?

Mynd 31. Hversu vel eða illa telur þú að söfn og safntengd starfsemi standi sig í að kynna starfsemi sína fyrir aðilum í ferðþjónustu á þínu starfssvæði ?

Mynd 32. Hvar á landinu er starfstöð þinnar ferðþjónustu?

Mynd 33. Yfir hversu stórt svæði nær þjónusta þíns fyrirtækis?

Mynd 34. Hvert er markmið þeirrar þjónustu sem þú veitir sem ferðþjónustuaðili?

Mynd 35. Hversu mörgum söfnum og safntengdri starfsemi leitaði þitt fyrirtæki eftir þjónustu hjá, á árinu 2014?

Mynd 36. Hjá hvaða viðurkenndu söfnum leitaði þitt fyrirtæki eftir þjónustu á árinu 2014?

Mynd 37. Hvaða eftirfarandi þættir í starfsemi safna og safntengdra stofnana gera þær að ákjósanlegum áfangastöðum að þínu mati?

Mynd 38. Hversu mikið eða lítið vægi telur þú að eftirfarandi stofnanir hafi í ferðþjónustu?

- Mynd 39. Hvaða hlutverki eiga söfn og safntengd starfsemi að gegna í ferðabjónustu að þínu mati?
- Mynd 40. Hvað geta söfn og safntengd starfsemi lagt af mörkum hvað varðar þróun í ferðabjónustu?
- Mynd 41. Vinsamlega merktu við þær upplýsingar sem eru staðar fyrir þitt fyrirtæki til þess að meta áhrif safna og safntengdrar starfsemi á ferðabjónustu á þínu starfssvæði?
- Mynd 42. Vinsamlega merktu við þá þætti í starfsemi safna og safntengdrar starfsemi sem þú telur styðja við ferðabjónustu á svæði þíns fyrirtækis?
- Mynd 43. Hversu vel eða illa telur þú að söfn og stofnanir sem flokkast undir safntengda starfsemi séu í stakk búin til þess að taka á móti ferðamönnum hvað varðar eftirfarandi atriði í þjónustu og aðgengi ?
- Mynd 44. Hvaða atriði í miðlun og sýningum safna og safntengdrar starfsemi á þínu starfssvæði telur þú að megi bæta ?
- Mynd 45. Hversu sammála eða ósammála ertu því að efla þurfi tengsl ferðabjónustu við söfn og safntengda starfsemi?
- Mynd 46. Hversu vel telur þú að söfn og safntengd starfsemi standi sig í að kynna starfsemi sína fyrir aðilum í ferðabjónustu á þínu starfssvæði ?
- Mynd 47. Hvað af eftirfarandi á við um starfsemi þinnar stofnunar?
- Mynd 48. Hvar á landinu er þín stofnun staðsett?
- Mynd 49. Yfir hversu stórt svæði nær þjónusta þinnar stofnunar?
- Mynd 50. Hversu mikilvægur eða lítilvægur þáttur í starfsemi þinnar stofnunar er þjónusta við ferðamenn?
- Mynd 51. Hversu vel söfn, setur og sýningar telja sig búin til að taka á móti annarsvegar innlendu og hinsvegar erlendu ferðafólki.
- Mynd 52. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum? Mín stofnun hefur komið til móts við innlenda og erlenda ferðamenn með því að:
- Mynd 53. Telur þú að þín stofnun hafi nægilegan fjárhagslegan stuðning til þess að efla þátttöku í ferðabjónustu?
- Mynd 54. Hvaða hlutverk eiga söfn að gegna í ferðabjónustu að þínu mati?
- Mynd 55. Hvað af eftirfarandi lýsir best samstarfi þinnar stofnunar við ferðabjónustuaðila?
- Mynd 56. Vinsamlega merktu við þá aðila á sviði ferðabjónustu sem þín stofnun á í samstarfi við?
- Mynd 57. Vinsamlega merktu við aðrar stofnanir á sviði safna og eða safntengdrar starfsemi sem þín stofnun á í samstarfi við?
- Mynd 58. Staðsetning þeirra stofnana sem eru formlegir aðilar að samtökum á sviði ferðamála.
- Mynd 59. Vinsamlega merktu við þá þætti sem aukið gætu samstarf þinnar stofnunar og aðila í ferðabjónustu?
- Mynd 60. Stofnanir eða fyrirtæki sem þín stofnun tekur þátt í klasasamstarfi við.
- Mynd 61. Hvaða aðilar á sviði ferðabjónustu hafa reglubundið samband við þína stofnun?
- Mynd 62. Býður þín stofnun upp á sérstaka kynningu fyrir eftirfarandi aðila á sviði ferðabjónustu?
- Mynd 63. Hvaða upplýsingar eru til staðar fyrir þína stofnun til þess að meta áhrif ferðabjónustu á þínu svæði?
- Mynd 64. Gerði stofnunin þjónustukönnun meðal gesta á árinu 2014?
- Mynd 65. Vinsamlega merktu við þær upplýsingar sem þín stofnun tekur saman um gesti sína.
- Mynd 66. Telur þú að áhrif ferðabjónustu á undanförunum árum hafi breytt tengslum íbúa á svæðinu við stofnunina?
- Mynd 67. Hvað geta söfn og safntengd starfsemi lagt af mörkum nú og í framtíðinni hvað varðar efnahagslega þróun svæðisins?
- Mynd 68. Hvaða þættir styðja við ferðabjónustus á svæði þinnar stofnunar?
- Mynd 69. Hversu mikilvægt eða léttvægt telur þú að þín stofnun hugi að sjálfbærni?
- Mynd 70. Er þín stofnun vel eða illa í stakk búin til að taka þátt í aukinni áherslu á vetrarferðabjónustu?



HÁSKÓLI ÍSLANDS

OKTÓBER 2015